



MOSFELLSBÆR

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



SKÝRSLA FJÖLSKYLDUSVIÐS 2010 – 2014

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| 1. FJÖLSKYLDUSVIÐ | 4 |
| 1.1 Markmið og lagagrunnur..... | 4 |
| 1.2 Fjölskyldunefnd..... | 4 |
| 1.3 Verkefni og starfsfólk fjölskyldusviðs..... | 5 |
| 1.4 Sundurliðun útgjalda..... | 6 |
| 2. BARNAVERND | 9 |
| 2.1 Inngangur..... | 9 |
| 2.2 Fjöldi tilkynninga og greining þeirra..... | 9 |
| 2.3 Könnun máls og ráðstafanir..... | 12 |
| 2.4 Útgjöld til barnaverndarmála..... | 12 |
| 2.5 Forvarnir í málum barna..... | 13 |
| 3. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF | 15 |
| 4. FJÁRHAGSAÐSTOÐ | 16 |
| 4.1 Inngangur..... | 16 |
| 4.2 Útgjöld og fjöldi styrkþega..... | 16 |
| 4.3 Fjölskyldugerð og aldur..... | 16 |
| 4.4 Greining og átak í málefnum styrkþega..... | 19 |
| 4.5 Fjárhagsaðstoð – markmið, hugmyndafræði og verklag..... | 21 |
| 5. FÉLAGSLEG HEIMAPJÓNUSTA | 22 |
| 6. MÁLEFNI ELÐRA FÓLKS | 24 |
| 6.1 Inngangur..... | 24 |
| 6.2 Íbúða- og þjónustumiðstöð eldra fólks í Eirhömrum..... | 25 |
| 6.3 Dagdvöl eldra fólks..... | 25 |
| 6.4 Félagsstarf eldra fólks..... | 26 |
| 7. MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS | 27 |
| 7.1 Inngangur..... | 27 |
| 7.2 Ný verkefni..... | 27 |
| 7.3 Fjármál og mat á stuðningsþörf..... | 28 |
| 7.4 Samráðshópur á höfuðborgarsvæðinu..... | 30 |
| 7.5 Búsetuþjónusta..... | 30 |
| 7.6 Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA..... | 32 |
| 7.7 Liðveisla..... | 33 |

| | |
|--|-----------|
| 7.8 Dagþjónusta – atvinna og hæfing | 34 |
| 7.9 Skammtímavistun | 34 |
| 7.10 Stuðningsfjölskyldur | 36 |
| 7.11 Ferðapjónusta fatlaðs fólks | 37 |
| 8. FÉLAGSLEG HÚSNÆÐISMÁL | 39 |
| 8.1 Inngangur | 39 |
| 8.2 Félagslegar leiguíbúðir | 39 |
| 8.3 Húsaleigubætur | 40 |
| 9. JAFNRÉTTISMÁL | 43 |
| 9.1 Inngangur | 43 |
| 9.2 Jafnréttisáætlun | 43 |
| 9.3 Jafnréttisdagur | 44 |
| 9.4 Jafnréttisviðurkenningar | 44 |
| 9.5 Þróunarverkefni | 45 |
| Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum | 45 |
| Kynjasambætting | 45 |

1. FJÖLSKYLDUSVIÐ

1.1 Markmið og lagagrunnur

Almennt markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálp. Það skal gert með því að:

- bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti,
- tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna,
- veita aðstoð til þess að íbúar geti búið sem lengst í heimahúsum, stundað atvinnu og lífað sem eðlilegustu lífi,
- grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál.

Þjónusta fjölskyldusviðs er veitt í samræmi við eftirtalin lög:

- lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga,
- barnaverndarlög nr. 80/2002,
- lög nr. 130/1999 um ættleiðingar,
- lögræðislög nr. 71/1997,
- lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra,
- lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks,
- lög nr. 44/1998 um húsnæðismál,
- lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur,
- lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Þá gilda meðal annars um meðferð mála ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 238/2014.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu Mosfellsbæjar og samþykktar bæjarstjórnar á nýju skipuriti fyrir Mosfellsbæ árið 2008 var mannauðsstjóra falin framkvæmd jafnréttismála, en málaflokkur var eftir sem áður á ábyrgð fjölskyldusviðs og fjölskyldunefndar.

1.2 Fjölskyldunefnd

Fjölskyldunefnd fer með yfirstjórn og eftirlit með þjónustu fjölskyldusviðs.

Hlutverk fjölskyldunefndar samkvæmt samþykktum Mosfellsbæjar er nánar tiltekið að:

- gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í félags- og húsnæðismálum og hafa eftirlit með að stefnu bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé fylgt,
- hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að félagslegri þjónustu og húsnæðismálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og veiti góða þjónustu,
- leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í málum sem varða nefndina með tölulegum upplýsingum og könnunum meðal bæjarbúa,
- fjalla um kvartanir sem berast vegna þjónustunnar,
- gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar,

- hafa eftirlit með að fjárhagsáætlunin sé haldin,
- vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í þeim málum sem varða verksvið nefndarinnar.

Þá fer nefndin með verkefni samkvæmt barnaverndarlögum og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fyrir Kjósarhrepp samkvæmt samkomulagi þar um. Sveitarfélögin hafa einnig samstarf um þjónustu við fatlað fólk lögum samkvæmt þar sem Mosfellsbær er leiðandi sveitarfélag.

Fjölskyldunefnd kom saman að jafnaði hálfsmánaðarlega fyrstu tvö árin en mánaðarlega síðustu þrjú árin. Fundir nefndarinnar voru 22 árið 2010, 19 árið 2011 og 13 hvert árið 2012, 2013 og 2014.

Eftirtaldir skipuðu nefndina í árslok 2014:

Aðalmenn

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, D-lista, formaður
Þorbjörg Inga Jónsdóttir, D-lista, varaformaður
Fjalar Freyr Einarsson, D-lista
Gerður Pálsdóttir, S-lista
Jóhannes Bjarni Eðvarðsson, M-lista
Helga Marta Hauksdóttir, V-lista, áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Ragnar Þór Ragnarsson, D-lista
Inga Rósa Gústafsdóttir, D-lista
Pétur Magnússon, D-lista
Ólafur Ingi Óskarsson, S-lista
Ævar Örn Jósefsson, M-lista
Guðmundur Rúnar Guðbjarnarson, V-lista varaáheyrnarfulltrúi

1.3 Verkefni og starfsfólk fjölskyldusviðs

Starfsmenn fjölskyldusviðs fara með málefni einstaklinga og fjölskyldna í samræmi við lög, reglugerðir og reglur bæjarfélagsins, auk annarra verkefna sem heyra til sviðsins.

Skrifstofa sviðsins er til húsa á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar í Þverholti 2.

Samhliða yfirfærslu á þjónustu ríkisins við fatlað fólk til sveitarfélaga í byrjun árs 2011 voru tveir starfsmenn ráðnir til starfa. Vorið 2013 var að auki ráðinn þroskþjálfari í hlutastarf og fullt starf í lok árs 2014 sem sinnti sérstaklega málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.

Í mars 2011 var starfshlutfall húsnæðisfulltrúa aukið úr 50% í 80%, vegna aukinna umsvifa í tengslum við afgreiðslu húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta sem voru greiddar frá byrjun árs 2008.

Vegna langvarandi veikinda starfsmanns á fjölskyldusviði var ráðinn ráðgjafi í félagsþjónustu í tímabundið starf fyrri hluta ársins 2014. Sami aðili var síðan ráðinn til að annast átaksverkefni tengt virkni og starfsþjálfun ungs fólks á fjárhagsaðstoð.

Með skipulagsbreytingum undir lok árs 2014 var verkefnum sviðsins sem lúta að þjónustu við íbúa skipt í tvær megin deildir; barnaverndar- og ráðgjafardeild og búsetu- og þjónustudeild. Breytingin var liður í því að auka samþættingu og samstarf þvert á málaflokka barnaverndar og félagsþjónustu, þ.m.t. þjónustu við eldra fólk og fatlað fólk.

Starfsmenn á skrifstofu fjölskyldusviðs í árslok 2014 voru:

| | |
|--|--------------------------------|
| Framkvæmdastjóri: | Unnur V. Ingólfssdóttir |
| Verkefnastjóri þróunar- og gæðamála: | Ásgeir Sigurgestsson |
| Deildarstjóri barnaverndar- og ráðgjafardeildar: | Berglind Ósk B. Filippúsdóttir |
| Deildarstjóri búsetu- og þjónustudeildar: | Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir |
| Félagsráðgjafi/verkefnastjóri: | Sigríður Stephensen Pálsdóttir |
| Ráðgjafarþroskajálfi: | Kristbjörg Hjaltadóttir |
| Húsnæðisfulltrúi: | Kristbjörg Steingrimsdóttir |
| Ráðgjafi í félagsþjónustu: | Birgir Þ. Kjartansson |

1.4 Sundurliðun útgjalda

Málaflokkar fjölskyldusviðs skiptast í A og B-hluta. A-hluti tekur til félagsþjónustu og B-hluti til félagslegra íbúða og þjónustumiðstöðvar í Eirhömrum. Skiptingin helgast af því hvort reksturinn er fjármagnaður að meirihluta með skatttekjum, þ.m.t. framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (A-hluti), eða þjónustutekjum frá íbúum og fyrirtækjum (B-hluti).

Í Töflu 1 getur að líta sundurliðun útgjalda A-hluta árin 2010-2014. Upphæðir eru í þúsundum króna og eru fyrri árin færð til verðlags ársins 2014 miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs hvers árs. Einnig má sjá breytingar á heildarútgjöldum milli ára og útgjöld á íbúa miðað við íbúafjölda 1. desember viðkomandi árs.

Tekið skal fram að liðurinn *Niðurgreiðsla leikskóla og daggæslu* er á forræði fræðslu- og menningarsviðs og *Afsláttur fasteignagjalda lífeyrisþega* heyrir undir fjármáladeild. Kostnaður vegna þessara liða er engu að síður skráður á fjölskyldusvið í bókhaldi bæjarfélagsins og er því tilgreindur hér.

Þess skal einnig getið að kostnaður við félagslega heimaþjónustu er innifalinn í liðnum *Þjónustumiðstöð eldri borgara*.

Undir liðnum „Annað“ í töflunni eru framlög til Jafnréttisnefndar, Bjargráðasjóðs, Orlofssjóðs húsmæðra og framlög til viðbótarlána vegna félagslegra leiguíbúða.

Í ársbyrjun 2011 voru málefni fatlaðs fólks færð frá ríki til sveitarfélaga eins og fram hefur komið. Það hafði mikil áhrif á útgjöld til félagsþjónustu í Mosfellsbæ sem annars staðar. Þau áhrif koma glögg fram í Töflu 1 þar sem fram kemur að heildargjöldin ríflega þrefaldast milli árana 2010 og 2011 og slaga í einn milljarð síðarnefnda árið. Nánar verður fjallað um þennan málaflokk í 7. kafla þessarar skýrslu.

Tafla 1: Skipting útgjalda A-hluta 2010-2014

| Viðfangsefni | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|----------------|----------------|------------------|------------------|------------------|
| Fjölskyldunefnd | 3.089 | 2.795 | 2.615 | 2.661 | 2.411 |
| Skrifstofa fjölskyldusviðs | 54.927 | 52.026 | 50.661 | 51.609 | 60.626 |
| Fjárhagsaðstoð | 25.654 | 25.914 | 36.668 | 46.407 | 81.146 |
| Húsaleigubætur | 30.278 | 29.592 | 26.969 | 26.163 | 25.679 |
| Niðurgreiðsla leikskóla og daggæslu | 8.840 | 8.169 | 6.885 | 7.974 | 9.011 |
| Vistunargjöld o.fl. v/ barnaverndar | 11.967 | 6.287 | 7.605 | 11.396 | 11.179 |
| Sérfræðikostnaður o.fl. v/ barnaverndar | 10.467 | 2.719 | 12.089 | 9.188 | 7.981 |
| Þjónustumiðstöð eldri borgara | 64.282 | 58.926 | 63.031 | 63.147 | 72.687 |
| Félagsstarf eldri borgara | 18.891 | 17.964 | 23.577 | 32.145 | 31.553 |
| Afsláttur fasteignagjalda lífeyrisþega | 6.815 | 10.306 | 10.117 | 12.638 | 15.056 |
| Niðurgreiðsla fargjalda lífeyrisþega | 3.951 | 3.949 | 4.608 | 5.577 | 5.175 |
| Málefni fatlaðs fólks | 55.454 | 741.003 | 826.243 | 860.947 | 940.428 |
| Fræðslu og forvarnarstarf | 87 | 196 | 192 | 388 | 1.140 |
| Ýmsir styrkir | 1.513 | 1.390 | 2.394 | 2.208 | 1.940 |
| Annað | 1.716 | 1.647 | 2.514 | 2.548 | 2.616 |
| Samtals útgjöld A-hluta | 297.931 | 962.884 | 1.076.170 | 1.134.997 | 1.268.628 |
| Breyting frá fyrra ári | | 223,2% | 11,8% | 5,5% | 11,8% |
| Útgjöld á íbúa | 35 | 109 | 120 | 125 | 136 |

Tafla 2 á næstu blaðsíðu sýnir heildaryfirlit og hlutfallstölur í félagsþjónustu Mosfellsbæjar og samanburð milli ára. Sem fyrr eru upphæðir í þúsundum króna og eru fyrri árin færð til verðlags ársins 2014 miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs hvers árs.

Líkt og í Töflu 1 einkennast tölur í Töflu 2 af þeirri meginbreytingu í félagsþjónustu bæjarins að þjónusta við fatlað fólk færðist frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011. Áður hafði þeim hópi einungis verið veitt ferðaþjónusta og félagsleg liðveisla frá sveitarfélaginu. Frá og með þessari breytingu ganga um eða yfir $\frac{3}{4}$ útgjalda til málefna fatlaðs fólks. Sem vænta má breytast hlutfallstölur annarra þjónustupátta í samræmi við það þótt þjónustan sé lítt breytt.

Tafla 2: Heildaryfirlit og hlutfallstölur í félagsþjónustu

| Heildaryfirlit - hlutfallstölur | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Útgjöld A-hluta félagsþjónustu | 297.931 | 962.884 | 1.076.170 | 1.134.997 | 1.268.628 |
| Skatttekjur Mosfellsbæjar | 3.996.423 | 5.005.063 | 5.149.136 | 5.365.419 | 5.656.632 |
| Íbúafjöldi 1. desember | 8.631 | 8.822 | 8.950 | 9.084 | 9.296 |
| Útgjöld til félagsmála - % af skatttekjum | 7,5% | 19,2% | 20,9% | 21,2% | 22,4% |
| Útgjöld til félagsþjónustu á hvern íbúa | 35 | 109 | 120 | 125 | 136 |
| Málaflokkar - hlutfall af kostnaði | | | | | |
| Barnavernd | 7,5% | 0,94% | 1,8% | 1,8% | 1,5% |
| Þjónusta við eldri borgara | 27,9% | 8,0% | 8,0% | 8,4% | 8,2% |
| Fjárhagsaðstoð | 8,6% | 2,7% | 3,4% | 4,1% | 6,4% |
| Húsaleigubætur | 10,2% | 3,1% | 2,5% | 2,3% | 2,0% |
| Niðurgreiðslur leikskóla og daggæslu | 3,0% | 0,8% | 0,6% | 0,7% | 0,7% |
| Málefni fatlaðs fólks | 18,6% | 77,0% | 76,8% | 75,9% | 74,1% |
| Niðurgreiðsla/afsláttur v/ lífeyrisþega | 3,6% | 1,5% | 1,4% | 1,6% | 1,6% |
| Fræðsla, forvarnir, styrkir og annað | 1,1% | 0,3% | 0,5% | 0,5% | 0,4% |
| Fjölskyldunefnd og skrifst. fjölsk.viðs | 19,5% | 5,7% | 5,0% | 4,8% | 5,0% |
| Samtals | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

2. BARNVERND

2.1 Inngangur

Markmið barnaverndar er að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði. Það er gert með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Barnaverndarlög nr. 80/2002 leggja þær skyldur á almenning að gera barnaverndarnefnd viðvart ef þess verður vart að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Sérstakar skyldur eru lagðar á lögreglu og þá sem hafa afskipti af börnum, svo sem kennara, dagmæður, presta, lækna, ljósmæður, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og félagsráðgjafa um að tilkynna um slík mál. Í Mosfellsbæ gegnir fjölskyldunefnd hlutverki barnaverndarnefndar.

2.2 Fjöldi tilkynninga og greining þeirra

Tilkynningum af því tagi sem að ofan getur fækkaði töluvert á tímabilinu. Í Töflu 3 má sjá árlegan heildarfjölda þeirra 2010-2014 og hlutfallslegar breytingar milli ára. Ekki gefa allar tilkynningar tilefni til þess að fram fari könnun í máli barns (sjá síðar). Í töflunni má því einnig sjá fjölda barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, til samanburðar við þann fjölda barna sem tilkynnt var um.

Fækkun tilkynninga má fyrst og fremst rekja til fækkunar tilkynninga frá lögreglu eins og sjá má í Töflu 4 og þar sem ástæða tilkynninga vegna afbrota fækkar til muna. Það er mat starfsmanna fjölskyldusviðs að fjölgun öryggisvarða í verslunum þar sem mál fingralangra eru leyst á staðnum feli í sér að lögreglan er síður kölluð til en áður var.

Tafla 3: Fjöldi tilkynninga, fjöldi barna og könnun máls 2010-2014

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--------------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Heildarfjöldi tilkynninga | 249 | 207 | 153 | 199 | 183 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | -34,3% | -16,9% | -26,1% | 30,1% | 19,6% |
| Fjöldi barna sem tilkynnt var um | 114 | 117 | 116 | 90 | 90 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | -64,0% | 2,6% | -0,9% | -22,4% | -22,4% |
| Fjöldi barna þar sem könnun fór fram | 89 | 109 | 103 | 77 | 56 |

Í Töflu 4 getur að líta hvaða aðilar tilkynna að uppeldisskilyrðum barns kunni að vera ábótavant. Þar kemur fram að langflestar tilkynningar eru frá lögreglu, allt frá 49,0% upp í 60,6%. Í flestum tilvikum er um að ræða að börn hafa verið staðin að afbrotum eða grunur leikur á um slíkt. Þessar tölur eru ívið hærri en fyrir landið í heild.¹

¹ Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2012-2013, bls. 120. Sjá: http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa_2012-2013.pdf

Næst flestar tilkynningar koma frá skólum og fræðslusviði, að meðaltali 14,3%. Er það hlutfall töluvert hærra en meðaltal áráanna 2006-2009 (7,3%) og enn fremur nokkru hærra en á landsvísu 2009-2013 (10,3%).

Ástæða er til að hafa áhyggjur af því hve fáar tilkynningar berast frá leikskólum (0,5-2,2%). Þar er starfsfólk í nánnum tengslum við börnin og ætla mætti í ljósi aldurs þeirra að einkenni um erfiðleika kæmu skýrar fram en hjá þeim sem eldri eru. Þetta lága hlutfall er nálægt því sem fram kemur á landsvísu.

Tafla 4: Greining tilkynnenda og hlutfall af heild árin 2010-2014

| Tilkynnandi | 2010 | 2011 | 2012 | 2014 | 2014 |
|--------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Barnið sjálft | 3 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| % | 1,2% | 0,0% | 0,0% | 0,5% | 0,0% |
| Ættingjar | 6 | 9 | 7 | 13 | 12 |
| % | 2,4% | 4,3% | 4,6% | 6,5% | 6,6% |
| Nágrannar | 3 | 4 | 6 | 6 | 6 |
| % | 1,2% | 1,9% | 3,9% | 3,0% | 3,3% |
| Önnur barnaverndarn./félagsþj. | 6 | 4 | 1 | 5 | 0 |
| % | 2,4% | 1,9% | 0,7% | 2,5% | 0,0% |
| Lögregla | 151 | 115 | 75 | 104 | 104 |
| % | 60,6% | 55,6% | 49,0% | 52,3% | 56,8% |
| Skóli/fræðslusvið | 23 | 30 | 29 | 33 | 22 |
| % | 9,2% | 14,5% | 19,0% | 16,6% | 12,0% |
| Leikskóli/daggæsla | 3 | 1 | 2 | 1 | 4 |
| % | 1,2% | 0,5% | 1,3% | 0,5% | 2,2% |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 21 | 14 | 16 | 12 | 12 |
| % | 8,4% | 6,8% | 10,5% | 6,0% | 6,6% |
| Foreldrar barns | 26 | 16 | 13 | 19 | 13 |
| % | 10,4% | 7,7% | 8,5% | 9,5% | 7,1% |
| þar af með forsjá | 21 | 16 | 13 | 18 | 10 |
| þar af án forsjár | 5 | 0 | 0 | 1 | 3 |
| Aðrir | 7 | 14 | 4 | 5 | 10 |
| % | 2,8% | 6,8% | 2,6% | 2,5% | 5,5% |
| Samtals | 249 | 207 | 153 | 199 | 183 |
| Nafnleyndar óskað | 11 | 14 | 12 | 14 | 18 |
| % | 4,4% | 6,8% | 7,8% | 7,0% | 9,8% |

Meirihluti þeirra mála sem hér um ræðir leysast á skömmum tíma þó einnig séu dæmi um að vandi barns og fjölskyldu þess sé þannig vaxinn að veita þurfi stuðning yfir lengra tímabil. Eins og sjá má í Töflu 5 þá flytjast mál 35,0 - 53,5% fjölskyldna milli ára.

Tafla 5: Fjöldi fjölskyldna og barna sem unnið var með árin 2010-2014, borið saman við fyrra ár

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Fjölskyldur | 96 | 79 | 93 | 80 | 71 |
| Börn í þeim fjölskyldum | 114 | 117 | 116 | 90 | 90 |
| Par af unnið með árið áður | | | | | |
| Fjölskyldur | 38 | 35 | 39 | 28 | 38 |
| % | 39,6% | 44,3% | 41,9% | 35,0% | 53,5% |
| Börn | 46 | 63 | 48 | 35 | 54 |
| % | 40,4% | 53,8% | 41,4% | 38,9% | 60,0% |

Í Töflu 6 má sjá fjölda og ástæður tilkynninga sem bárust barnaverndaryfirvöldum í Mosfellsbæ á árunum 2010-2014. Á árinu 2012 var í fyrsta skipti skráðar tilkynningar um heimilisofbeldi, eins og sjá má í töflunni. Skráningin er liður í rannsókn Barnaverndarstofu á því hvort nýjar verklagsreglur og úrræði bæti málsmeðferð vegna slíkra tilkynninga.

Tafla 6: Fjöldi og ástæða tilkynninga árin 2010-2014

| Ástæða tilkynninga | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Vanræksla - samtals | 49 | 49 | 27 | 43 | 46 |
| Hlutfall af heild | 19,7% | 23,7% | 19,1% | 21,6% | 25,1% |
| Líkamleg | 3 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| Umsjón og eftirlit | 40 | 43 | 23 | 39 | 39 |
| Vegna náms | 4 | 5 | 3 | 0 | 5 |
| Tilfinningaleg | 2 | 1 | 0 | 3 | 2 |
| Ofbeldi gagnvart barni- samtals | 44 | 37 | 34 | 61 | 55 |
| Hlutfall af heild | 17,7% | 17,9% | 24,1% | 30,7% | 30,1% |
| Tilfinningalegt | 16 | 18 | 7 | 23 | 31 |
| Par af heimilisofbeldi | | | 13 | 18 | 22 |
| Kynferðislegt | 13 | 13 | 20 | 33 | 11 |
| Líkamlegt | 15 | 6 | 7 | 5 | 13 |
| Áhættuhegðun barns - samtals | 153 | 120 | 79 | 94 | 82 |
| Hlutfall af heild | 61,4% | 58,0% | 56,0% | 47,2% | 44,8% |
| Neysla | 41 | 35 | 14 | 25 | 22 |
| Barn stefnir heilsu/proska í hættu | 27 | 16 | 8 | 8 | 3 |
| Afbrot | 71 | 53 | 44 | 37 | 39 |
| Erfiðleikar í skóla | 5 | 7 | 9 | 12 | 6 |
| Beitir ofbeldi | 9 | 9 | 4 | 12 | 12 |
| Heilsa ófæddis barns í hættu | 3 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Samtals | 249 | 207 | 141 | 199 | 183 |

Þegar rýnt er í Töflu 6 má sjá að flest tilkynnta mála eru vegna áhættuhegðunar barns og þar hæst mál þar sem afbrot þar á góma. Fjöldi slíkra mála fækkaði með hverju ári 2010-2014 en hafði þar á undan fjölgað milli ára. Sama gildir um hlutfall af tilkynntum málum. Hlutfall tilkynninga af

Þessu tagi var nokkru hærra í Mosfellsbæ 2010-2014 en á landinu í heild á árunum 2010-2013 (landsmeðaltal 42,3%) en einnig á landsvísu fækkaði málum og hlutfall lækkaði á því tímabilinu.

Hlutfall tilkynninga um vanrækslu er að meðaltali sem næst hið sama (líðlega 20%) á árunum, en á landsvísu var það nokkuð hærra, eða að meðaltali 33,4%.

Haft skal í huga við allan slíkan samanburð, bæði milli ára og svæða, að árvekni og vitund almennings og þeirra sem hafa sérstökum skyldum að gegna í þessum efnum ræður jafnan miklu um fjölda tilkynninga. Mikilsvert er í því sambandi hvernig samstarf aðila tekst til, einkum milli barnaverndaryfirvalda, lögreglu, skóla og heilsugæslu.

2.3 Könnun máls og ráðstafanir

Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin er tekin afstaða til þess hvort ástæða sé til að hefja könnun í málinu. Markmið hennar er að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barnsins og meta þörf fyrir úrræði í samræmi við hagsmuni þess og þarfir.

Að lokinni könnun máls er metið hvort þær upplýsingar sem liggja fyrir hafi leitt í ljós að uppeldi barns sé áfátt vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra eða að barn stefni eigin heilsu eða þroska í hættu með hegðun sinni, t.d. afbrotum eða neyslu vímuefna. Í slíkum tilfellum er gerð skrifleg áætlun um áframhaldandi meðferð málsins.

Áætlunin er oftast unnin í samvinnu við foreldra barnsins. Þar kemur fram hvert markmið afskipta barnaverndaryfirvalda er og hvernig hagsmunir barnsins verða best tryggðir. Enn fremur er tilgreint hvaða aðstoð barnaverndaryfirvöld veita foreldrum og barni, til hve langs tíma áætlunin er gerð og hvenær hún skuli endurskoðuð.

Beitt er ýmsum stuðningsúrræðum þar til viðunandi árangur næst. Í einstökum málum nær meðferðaráætlun ekki fram að ganga og getur þá reynst nauðsynlegt að beita þvingunarúrræðum. Úrræði sem nefndin hefur yfir að ráða eru að:

- Leiðbeina foreldrum um uppeldi og aðbúnað barns.
- Útvega barni eða fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu.
- Útvega barni dagvist, skólavist, atvinnu og möguleika til hollrar tómstundaiðju.
- Beita almennum úrræðum til úrbóta samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.
- Aðstoða foreldra eða þungaða konu við að leita sér meðferðar vegna veikinda, áfengis- eða vímuefnaneyslu eða annarra persónulegra vandamála.
- Vista barn um skamman tíma utan heimilis á vistheimili eða fósturheimili.
- Taka við forsjá barns með samþykki foreldra og útvega því varanlegt fósturheimili og hlutast til um að barninu verði skipaður lögráðamaður.

2.4 Útgjöld til barnaverndarmála

Í Töflu 7 getur að líta útgjöld Mosfellsbæjar til barnaverndarmála á tímabilinu 2010-2014 í þúsundum króna á verðlagi ársins 2014.

Tafla 7: Útgjöld til barnaverndarmála árin 2010-2014

| Útgjöld | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-------------------------------------|---------------|--------------|---------------|---------------|---------------|
| Dvalar- og vistunargjöld | 11.967 | 6.287 | 7.605 | 11.396 | 11.179 |
| Ráðgjöf, tilsjón o.fl. | 10.469 | 2.724 | 12.089 | 9.192 | 7.985 |
| Útgjöld samtals | 22.437 | 9.011 | 19.694 | 20.589 | 19.164 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | 63,9% | -59,8% | 118,6% | 4,5% | -2,7% |
| Þar af aðkeypt sérfræðiþjónusta | 1.457 | 520 | 1.001 | 1.759 | 1.829 |
| Lögfræðikostnaður | 1.782 | 3.243 | 2.321 | 130 | 102 |

Eins og sjá má í töflunni sveiflast kostnaður umtalsvert milli ára. Fjárhæð dvalar- og vistunargjalda ræðst einfaldlega af eðli vistunar sem og fjölda barna sem vista þarf tímabundið eða varanlega utan heimilis foreldra sinna. Sérfræðikostnaður ræðst að auki af fjölda mála sem eru til meðferðar, en einnig eðlis mála sem hefur áhrif á kostnað vegna vinnu aðkeyptrar sérfræðinga, t.d. sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga.

2.5 Forvarnir í málum barna

Í Mosfellsbæ hefur frá árinu 1993 verið unnið markvisst að því að þróa forvarnarstarf í málefnum barna. Starfið hefur beinst að því að styrkja foreldra í uppeldislutverki sínu og grípa til almennra og einstaklingsbundinna aðgerða til að koma í veg fyrir að börn lendi í aðstæðum sem geta leitt til þess að þau ánetjist vímuefnum eða leiðist út í afbrot.

Fjölskyldunefnd og starfsmenn fjölskyldusviðs hafa haft samræmingu starfsins með höndum. Í því hafa tekið þátt þeir aðilar í bæjarfélaginu sem vinna með börnum, einkanlega starfsfólk grunnskólanna, félagsmiðstöðvarinnar Bólsins, forvarnarfulltrúi lögreglunnar, heilsugæsla Mosfellsumdæmis og leikskólar.

Helstu þættir forvarnarstarfsins árin 2010-2014 fólust í reglulegum fundum með fulltrúum grunnskólanna, lögreglu, heilsugæslu og félagsmiðstöðvar, auk tveggja samráðsfunda fulltrúa þeirra aðila sem einkum annast málefni barna í Mosfellsbæ. Á árinu 2013 var endurvakinn samningur Mosfellsbæjar og fyrirtækisins Rannsóknir og greining ehf. sem fól í sér að Mosfellsbær keypti niðurstöður rannsókna fyrirtækisins á vímuefnaneyslu barna í 8. og 10. bekk og lífsháttum ungs fólk í grunnskóla og niðurstöðum rannsókna á hógum og líðan barna í 5. og 7. bekk.

Undanfarin ár hefur félagsráðgjafi fjölskyldusviðs fundað með flokksstjórum unglingavinnunnar þar sem farið er yfir tilkynningaskyldu og meðferð barnaverndarmála ásamt því að taka þátt í Marítafræðslu, samstarfsverkefni grunnskólanna og Samhjálp. Nemendur í 10. bekk hafa komið með foreldrum sínum á fræðslukvöld og sömuleiðis unnið verkefni í þessu sambandi.

Fulltrúi fjölskyldusviðs hefur sótt fundi sem Rannsóknir & greining ehf. boðaði til með samstarfsaðilum sínum í forvarnarstarfi sveitarfélaganna.

Fyrirtækið tekur að sér úrvinnslu úr rannsóknum meðal ungs fólks sem lagðar eru fyrir í grunnskólum landsins samkvæmt rannsóknaráætlun fyrirtækisins ár hvert. Markmið úrvinnslunnar er að vinna hagnýtar upplýsingar fyrir fjölskyldusvið og bæjaryfirvöld til stefnumótunar og áætlanagerðar í málefnum ungmenna í Mosfellsbæ. Tilhögun og úrvinnsla rannsókna var áformuð með eftirfarandi hætti:

1. Rannsókn á vímuefnaneyslu í 8. - 10. bekk grunnskólanna í Mosfellsbæ árin 2013 og 2015.
2. Ítarlegar rannsóknarskýrslur um efnið „Hagir og líðan ungmenna“ (félagslegir þættir og vímuefnaþættir) í 8. - 10. bekk árin 2014 og 2016.
3. Rannsóknir á högum og líðan ungmenna í 5. - 7. bekk árin 2013 og 2015.
4. Niðurstöður rannsókna í Mosfellsbæ í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið kynntar árlega.

Þá gefst tækifæri á að kaupa sérstaklega niðurstöður rannsókna á högum og líðan ungmenna í framhaldsskólum árin 2013 og 2016.

Nokkur umræða var á árinu 2013 um skipan forvarnarmála í bæjarfélaginu og mótun forvarnarstefnu meðal lykilaðila sem að verkefninu koma. Hún snerist einkum um mikilvægi þess að styrkja tengsl stofnana og annarra aðila sem að málum koma, sem og hvort tengja eigi málaflokkinn þróunarverkefninu *Heilsueflandi samfélag* í Mosfellsbæ.

Þegar skoðaðar eru tölur í Töflu 8 skal haft í huga að þar er einungis um beinan útlagðan kostnað vegna fræðslu- og forvarnarstarfs að ræða. Meginhluti starfsins hvílir á herðum starfsmanna bæjarins og kemur sá kostnaður fram með öðrum hætti. Ennfremur koma þarna fram áhrif aðhaldsaðgerða bæjarins í kjölfar hrunsins; kostnaður var mun hærri á árunum 2006-2008.

Tafla 8: Útgjöld til fræðslu- og forvarnarstarfs árin 2010-2014

| Útgjöld | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--------------------------------|------|------|------|------|-------|
| Þús.kr. á verðlagi ársins 2014 | 87 | 196 | 192 | 388 | 1.140 |

3. FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF

Í V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um að félagsmálanefndir skuli bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Enn fremur segir:

Markmið ráðgjafarinnar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl. Henni skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum þessum og í samvinnu við aðra þá aðila sem bjóða upp á slíka þjónustu, svo sem skóla og heilsugæslustöðvar eftir því sem við á.

Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að aðstoð og þjónusta sem löggin kveða á um sé þess eðlis að hún verði tæplega veitt öðruvísi en á grundvelli félagslegrar ráðgjafar og að í sumum tilvikum geti ráðgjöfin jafnvel vegið þyngra, þegar til lengri tíma er litið, en hin eiginlega aðstoð sem mælt er fyrir um, t.d. fjárhagsaðstoð.

Hið flókna nútímapjöldfélag kallar á gott aðgengi fólks að ráðgjöf um almenn félagsleg réttindi, ásamt leiðbeiningum og ráðgjöf í einkamálum. Þetta á ekki síst við um samskipti fólks við opinbera aðila og aðstoð til að leita réttar síns. Þannig getur þörf fyrir félagsráðgjöf verið óháð öðrum þáttum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar leggur áherslu á að þeim sem til sviðsins leita standi ætíð til boða félagsleg ráðgjöf og að henni sé beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögunum, í samvinnu við þann sem í hlut á og aðra þá aðila sem annast um mál hans.

Fjölmarginir íbúar leita félagslegrar ráðgjafar hjá fjölskyldusviði á ári hverju, en vegna þess hve samofin hún er öðrum þjónustupáttum sviðsins er óhægt um vik að skrá hana sérstaklega og birta þannig tölur um umfangið.

4. FJÁRHAGSAÐSTOÐ

4.1 Inngangur

Markmiðið með veitingu fjárhagsaðstoðar er að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér. Um fjárhagsaðstoð í Mosfellsbæ gilda reglur sem bæjarstjórn hefur samþykkt, í samræmi við 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoð er einungis veitt í tengslum við önnur úrræði, svo sem félagslega ráðgjöf, eins og löggin kveða á um.

4.2 Útgjöld og fjöldi styrkþega

Mikil aukning varð á útgjöldum til fjárhagsaðstoðar árin 2012-2014 eins og sjá má í Töflu 9.

Þar kemur fram að styrkþegum fjölgaði umtalsvert að undanskildu milli 2010 og 2011. Um það ráða að sjálfsögðu mestu þær efnahagsþrengingarnar sem riðu yfir á árinu 2008 með tilheyrandi atvinnuleysi næstu árin. Nefna má að í febrúar 2007 voru 28 vinnufærir Mosfellingar án atvinnu en þeir voru 420 á sama tíma árið 2010. Fólki sem skráð er án atvinnu hefur fækkað töluvert síðan, en á árinu 2014 ráða þar einnig um breyttar reglur um rétt til atvinnuleysisbóta og ef til vill fleiri atriði sem varða skráningu.

Svo er að sjá að afleiðingar efnahagsþrenginga frá og með árinu 2008 séu enn umtalsverðar þótt tölur um atvinnuleysi hafi lækkað. Fjallað verður frekar um afleiðingar þessara aðstæðna síðar í þessum kafla.

Eins og vænta má í ljósi þess sem að framan greinir hefur þeim fjölgað, þó ekki hlutfallslega, sem höfðu þegið fjárhagsaðstoð árið áður. Sama gildir um útgjöld á styrkþega að meðaltali yfir árið og meðalfjölda mánaða sem aðstoð var veitt.

Tafla 9: Útgjöld til fjárhagsaðstoðar og fjöldi styrkþega árin 2010-2014

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|--------|--------|--------|--------|--------|
| Útgjöld í þús.kr. á verðlagi 2014 | 25.522 | 25.495 | 37.254 | 48.677 | 82.982 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | 39,1% | -0,1% | 46,1% | 30,7% | 70,5% |
| Fjöldi styrkþega | 68 | 79 | 95 | 104 | 134 |
| Þegið aðstoð á fyrra ári | 28 | 26 | 34 | 41 | 52 |
| Útgjöld á styrkþega að meðaltali yfir árið | 324 | 297 | 370 | 459 | 619 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | 16,5% | -8,3% | 24,6% | 24,1% | 34,9% |
| Meðalfjöldi mánaða sem aðstoð var veitt | 3,4 | 3,6 | 4,1 | 4,4 | 5,0 |
| Atvinnulausir (í lok febrúar) | 420 | 392 | 242 | 247 | 183 |
| Útgjöld á hvern íbúa í þús. kr. | 3,0 | 2,9 | 4,2 | 5,4 | 8,9 |

4.3 Fjölskyldugerð og aldur

Tveir hópar styrkþega skáru sig úr á tímabilinu; einstæðar mæður og barnlausir karlar eins og sjá má í Töflu 10. Er það að hlutfalli svipað og árin á undan, 2006-2009. Fátítt var þá að hjón, hvort heldur var með börn eða barnlaus, væru í hópi styrkþega þó finna mætti undantekningar á árunum

2008 og 2009. Fjölgað hefur nokkuð í þessum hópi á því tímabili sem þessi tafla tekur til, en þó ekki umfram hlutfall af heildarfjölguninni.

Tafla 10: Fjöldi styrkþega eftir fjölskyldugerð árin 2010-2014

| Fjölskyldugerð | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------|-----------|-----------|-----------|------------|------------|
| Hjón með börn | 7 | 4 | 7 | 5 | 7 |
| Hlutfall | 10,3% | 5,1% | 7,4% | 4,8% | 5,2% |
| Hjón, barnlaus | 4 | 2 | 2 | 2 | 4 |
| Hlutfall | 5,9% | 2,5% | 2,1% | 1,9% | 3,0% |
| Einstæð móðir | 19 | 19 | 24 | 27 | 43 |
| Hlutfall | 27,9% | 24,1% | 25,3% | 26,0% | 32,1% |
| Kona, barnlaus | 10 | 10 | 19 | 22 | 27 |
| Hlutfall | 14,7% | 12,7% | 20,0% | 21,2% | 20,1% |
| Einstæður faðir | 1 | 2 | 3 | 2 | 0 |
| Hlutfall | 1,5% | 2,5% | 3,2% | 1,9% | 0,0% |
| Karl, barnlaus | 27 | 42 | 40 | 46 | 53 |
| Hlutfall | 39,7% | 53,2% | 42,1% | 44,2% | 39,6% |
| Samtals | 68 | 79 | 95 | 104 | 134 |

Í Töflu 11 getur að líta upplýsingar um aldursbil styrkþega og fjölda þeirra mánaða sem hver aldurshópur hefur notið fjárhagsaðstoðar (styrkmánaða). Einnig má sjá meðaltal styrkmánaða fyrir styrkþegana í hverjum aldurshópi. Hlutfall yngstu styrkþeganna, 18-24 ára, hefur verið hátt á tímabilinu eins og fram kemur í Töflu 11. Svipaðar hlutfallstölur má sjá árin á undan. Skólaganga þessa hóps er í flestum tilvikum í lágmarki og reynsla af vinnumarkaði afar takmörkuð. Stór hluti hópsins hefur því ekki áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta og á ekki annars úrkosti en að leita eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins lánist þessu unga fólki ekki að komast út á vinnumarkað eða fara í lánshæft nám.

Kannanir hafa sýnt að yngra fólki, sem ekki hefur menntun eða reynslu af vinnumarkaði, er mun hættara við að verða atvinnulaust þegar dregur úr framboði á atvinnu. Því lengur sem ungur einstaklingur er óvirkur því meiri hætta er á að hæfni hans til að lifa „eðlilegu lífi“ minnki og að sjálfsmynd og lífsstíll breytist. Allt eru það afleiðingar sem geta haft áhrif á andlega og líkamlega líðan og getu og möguleika til að komast út á vinnumarkað eða í aðra samfélagslega virkni, svo sem nám.

Hið sama á við um hópinn 25-39 ára og er að meðaltali lítið eitt stærri en yngsti hópurinn. Meirihluti beggja hópa er einhleypir karlmenn. Þótt drjúgur hluti þessa eldri hóps hafi haft vinnu meðan vel áraði í þjóðfélaginu er næsta víst að langtímaatvinnuleysi sem margir urðu fyrir á árunum eftir 2008 hefur þarna haft sín áhrif. Það er þekkt afleiðing fjarveru frá vinnumarkaði, sem varir jafnvel einungis nokkra mánuði, að fljótt dregur úr sjálfstrausti, sjálfsbjargarviðleitni og fótfestu á vinnumarkaði almennt.² Það hefur sín áhrif á frumkvæðið til að leita eftir eða hefja störf að nýju.

² Sjá: <http://www.ruv.is/frett/atvinnuleysi-hafi-ahrif-a-heilsufar>


Tafla 11: Skipting styrkþega eftir aldri og fjölda styrktarmánaða árin 2010-2014

| Aldur, hlutfall og fjöldi styrkmánaða | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---------------------------------------|-----------|-----------|-----------|------------|------------|
| 18-24 ára | 22 | 32 | 39 | 46 | 40 |
| Hlutfall af heildarfjölda ársins | 32,4% | 40,5% | 41,1% | 44,2% | 29,9% |
| Fjöldi styrkmánaða | 77 | 108 | 177 | 204 | 234 |
| Meðaltal styrkmánaða pr. styrkþega | 3,5 | 3,4 | 4,5 | 4,4 | 5,9 |
| 25-39 ára | 33 | 31 | 44 | 36 | 58 |
| Hlutfall af heildarfjölda ársins | 48,5% | 39,2% | 46,3% | 34,6% | 43,3% |
| Fjöldi styrkmánaða | 93 | 123 | 156 | 151 | 271 |
| Meðaltal styrkmánaða pr. styrkþega | 2,8 | 4,0 | 3,5 | 4,2 | 4,7 |
| 40-54 ára | 10 | 13 | 10 | 17 | 25 |
| Hlutfall af heildarfjölda ársins | 14,7% | 16,5% | 10,5% | 16,3% | 18,7% |
| Fjöldi styrkmánaða | 37 | 38 | 48 | 74 | 123 |
| Meðaltal styrkmánaða pr. styrkþega | 3,7 | 2,9 | 4,8 | 4,4 | 4,9 |
| 55-66 ára | 2 | 1 | 1 | 5 | 7 |
| Hlutfall af heildarfjölda ársins | 2,9% | 1,3% | 1,1% | 4,8% | 5,2% |
| Fjöldi styrkmánaða | 12 | 1 | 3 | 24 | 39 |
| Meðaltal styrkmánaða pr. styrkþega | 6,0 | 1,0 | 3,0 | 4,8 | 5,6 |
| 67 ára og eldri | 1 | 2 | 1 | 0 | 4 |
| Hlutfall af heildarfjölda ársins | 1,5% | 2,5% | 1,1% | 0,0% | 3,0% |
| Fjöldi styrkmánaða | 9 | 13 | 1 | 0 | 4 |
| Meðaltal styrkmánaða pr. styrkþega | 9,0 | 6,5 | 1,0 | 0,0 | 1,0 |
| Fjöldi samtals | 68 | 79 | 95 | 104 | 134 |

Í Töflu 11 kemur fram fjöldi styrkmánaða í hverjum aldurshópi og meðaltal styrkmánaða fyrir styrkþegana í hverjum aldurshópi. Það gildir um aldurshópana 18-24, 25-39 og 40-54 ára að á tímabilinu fjölga þeim mánuðum á ári sem styrkþegar njóta fjárhagsaðstoðar. Því er ekki aðeins um fjölgun styrkþega að ræða, heldur nær aðstoðin yfir æ lengra tímabil eftir því sem líður á það árabil sem hér er fjallað um.

Þetta kemur glöggft fram þegar þessar tölur eru settar fram með myndrænum hætti eins og gert er á Mynd 1 hér á eftir. Svörtu strikin á myndinni sýna þá tilhneigingu sem þarna á sér stað. Í eldri hópunum, 55-66 ára og 67 ára og eldri, eru það fáir styrkþegar að tölfræði af þessu tagi á ekki við.

Þær upplýsingar sem settar hafa verið fram hér að framan um fjárhagsaðstoð bæjarfélagsins á því tímabili sem hér um ræðir bera flestar að sama brunni, þ.e. að afleiðingar efnahagsþrenginga frá og með árinu 2008 séu enn umtalsverðar þrátt fyrir að opinberar tölur um atvinnuleysi hafi lækkað.



Mynd 1: Þróun fjölda styrkmánaða, skipt eftir aldurshópum

4.4 Greining og átak í málefnum styrkþega

Í september 2014 samþykkti bæjarráð Mosfellsbæjar viðauka við fjárhagsáætlun ársins til að greina frekar aðstæður og þarfir hins aukna fjölda ungra framfærsluþega í sveitarfélaginu. Enn fremur yrði gerð áætlun um möguleg atvinnuúrræði, starfsþjálfun eða aðra virkni þessa hóps og stuðla þannig að tækifærum til að komast út á vinnumarkað, hvort heldur væri í fyrsta sinn eða sem endurkomu.

Ráðinn var inn starfsmaður til þess að leiða verkefnið sem fékk heitið *Máttur í Mosó*. Miðað var við aldersbilið 18-39 ára og ákveðið að boða til viðtals einhleyppt fólk og einstæða foreldra sem veitt var fjárhagsaðstoð 2012, 2013 og 2014. Þessi hópur taldi 46 manns.

Í upphafi verkefnisins fór fram greining á styrkþegum með það í huga að mæta sem best þörfum þeirra. Í ljós kom að skipta mátti hópnum gróflega upp í eftirfarandi hópa (lítið eitt stytt og breytt frá skýrslu):

1. Einstaklingar með nokkuð stöðuga náms- og vinnusögu, en tímabundið atvinnuleysi hefur haft áhrif á félagslega stöðu og afkomu. Geta oft að eigin frumkvæði komið sér aftur á réttan kjöl og bætt stöðu sína án mikilla afskipta eða aðstoðar frá sveitarfélaginu. Í þessum hópi voru samtals 11 einstaklingar.
2. Einstaklingar með stutta skólagöngu, nám sjaldan samfelld vegna tíðra búferlaflutninga foreldra sem skapað hafa óöryggi. Virðast samt hafa í sér einurð til að þiggja aðstoð og taka leiðsögn/ráðgjöf félagsráðgjafa. Samtals 16 einstaklingar.
3. Einstaklingar með slaka og stutta skólagöngu sem hrakar þegar lengra dregur. Lítil stuðningur eða vanræksla í uppvexti, foreldrar einatt átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Óreglu og félagslegra erfiðleika oft vart snemma á unglingsárum.

Glíma oft við ofvirkni, aga- og einbeitingarleysi. Geðrænn vandi á borð við depurð, þunglyndi, kvíða og jafnvel sjálfsvígshugsanir, blandaður vímuefnaneyslu, einkennir oft lífið. Gjarnan saga um meðferð á geðdeild og/eða vímuefna meðferð. Andfélagsleg viðhorf algeng og erfiðleikar með að taka leiðsögn/ráðgjöf.

Kannabis er algengasta vímuefnið og fylgifyrirkur þess oft minnisleysi, slök einbeiting, sinnuleysi um útlit og líkamsþrif, markmiðs- og kæruleysi. Endurtekin félagsleg- og/eða samskiptavandamál eru tíð.³ Hér voru 19 einstaklingar og var þeim sérstaklega boðið viðtal. Þar þáðu allir nema einn tilboð um að ræða stuðningsúrræði. Sá sótti ekki um frekari fjárhagsaðstoð.

Fyrirtækjum og stofnunum Mosfellsbæjar voru send bréf með kynningu á verkefninu og þeim fylgt eftir með símtali við yfirmann, starfsmannastjóra eða leikskólastjóra, og heimsókn í kjölfarið. Alls lýstu tíu aðilar áhuga á samstarfi um verkefnið. Þar af voru átta fyrirtæki í eigu Mosfellsbæjar og tveir einkaaðilar.

Flestir í hópi 3 (11) reyndust óvinnufærir og framvísuðu læknisvottorð þar um. Greina þurfti betur starfshæfni þeirra og vísa til sértækari úrræða í samvinnu við heilbrigðiskerfið. Sex biðu svars við umsókn um endurhæfingarlífeyri og voru þær í vinnslu hjá Tryggingastofnun ríkisins (TR).

Samningar voru gerðir við stofnanir bæjarfélagsins um ráðningu tveggja einstaklinga gegn móttframlagi til launagreiðslna sem nam óskertri fjárhagsaðstoð. Þessir samningar komu til viðbótar við fjóra slíka samninga sem voru í gildi við upphaf verkefnisins. Alls voru því gerðir samningar við stofnanir bæjarfélagsins um ráðningu sex einstaklinga á síðari hluta ársins 2014.

Við lok verkefnisins í lok árs 2014 nutu þannig tíu af af þeim 46 sem þáðu fjárhagsaðstoð við upphaf þess ekki lengur slíkrar aðstoðar. Flestir (6) höfðu hafið endurhæfingu og fengu greiddan lífeyri í samræmi við það frá TR. Tveir voru í starfsþjálfun og aðrir tveir höfðu ekki sótt um fjárhagsaðstoð aftur. Annar þeirra var fluttur úr bæjarfélaginu.

Í lok árs 2014 hafði framfærsluþegum fækkað nokkuð og útgjöld minnkað að sama skapi miðað við það sem var fyrr á árinu. Þess ber hins vegar að geta að verkefnið varaði einungis í 3 ½ mánuð, frá 15. september til áramóta. Það er nokkuð knappur tími til þess að meta árangur af svo viðamiklu og flóknu verkefni með hóp sem lengi hefur verið án atvinnu og að nokkru úr tengslum við samfélagið. Þá ber enn fremur að hafa í huga þá vímuefnanotkun og geðrænan vanda sem við er að etja.

Það er hins vegar mat starfsfólks fjölskyldusviðs að mikilvæg þekking og yfirsýn hafi skapast við þá greiningu sem gerð var á hópi framfærsluþega og að hún muni nýtast við áframhaldandi vinnu á þessu sviði.

Auk þess hluta verkefnisins sem að framan er lýst lagði verkefnisstjóri fram sundurliðuð drög að verklagi fyrir árið 2015. Meginþættir þess fólust í að boða til kynningarfundar og í framhaldi af því til þátttöku í sjálfsstyrkingarnámskeiði þá einstaklinga sem hafa glímt við atvinnuleysi um langa hríð með tilheyrandi fjárhagslegum og félagslegum erfiðleikum.

Samhliða voru lagðar fram hugmyndir að aðferðum til að þróa verklag við vinnslu umsókna um fjárhagsaðstoð með áherslu á markvissa málsmeðferð og öflugri stuðning við umsækjendur. Með

³ Birgir Þ. Kjartansson ráðgjafi á fjölskyldusviði og Unnur V. Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs: Máttur í Mosó – mat á framkvæmd verkefnisins. Janúar 2015.

Því móti mætti styðja fleiri til vinnu og virkni og stuðla jafnframt að lækkun útgjalda þegar til lengri tíma er litið.

4.5 Fjárhagsaðstoð – markmið, hugmyndafræði og verklag

Markmiðið með fjárhagsaðstoð við einstaklinga og fjölskyldur er, eins og áður segir, að styðja þá sem hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð fyrir sér og sínum. Í því sambandi ber að nefna að í 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að „skylt er hverjum manni að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára“.

Þá er tekið fram í reglum Mosfellsbæjar um fjárhagsaðstoð að jafnan skuli kanna til þrautar aðra möguleika en slíka aðstoð og að henni skuli einungis beitt „...í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, svo og í tengslum við úrræði annarra stofnana samfélagsins“.

Í tengslum við setningu reglna bæjarins um fjárhagsaðstoð fór fram umræða um hlutverk ríkis og sveitarfélaga og var það skoðun manna að það væri hlutverk ríkisins að ákveða og tryggja þeim lægst launuðu tekjur sem unnt væri að lifa af. Í framhaldi af því var ákveðið að grunnupphæð fjárhagsaðstoðar væri ekki hærrí en þær greiðslur sem Alþingi hefur ákveðið að Tryggingastofnun ríkisins veiti lífeyrisþegum.

Í reglunum kemur fram að við málsmeðferð skuli starfsmaður fjölskyldusviðs rökstyðja tillögu um afgreiðslu málsins þar sem gerð sé grein fyrir forsendum og markmiðum aðstoðarinnar. Umsækjandi skal boðaður í viðtal til félagsráðgjafa til að kanna félagslegar aðstæður hans og leiðbeina honum um meðferð málsins. Enn fremur skal umsækjandi upplýstur um rétt til aðstoðar sem hann kann að eiga annars staðar og ber honum að nýta sér þann rétt.

Almenna vinnureglan er að umsækjandi um fjárhagsaðstoð skili inn umsókn mánaðarlega. Hann fær í hvert skipti viðtal við félagsráðgjafa með það fyrir augum að fram fari einstaklingsbundið mat á stöðu hans og fjölskyldu hans þar sem það á við. Réttur til þjónustu annars staðar er kannaður og lögð upp áætlun í samvinnu við umsækjanda um þá leið sem best er til þess fallin að styðja hann í því að vinna bug á aðsteðjandi vanda.

Reynslan sýnir að margir þeirra sem fengið hafa þessa þjónustu geta nýtt sér hana og komist þannig úr þeim vanda sem leiddi til þess að þeir leituðu aðstoðar. Það er mat starfsmanna fjölskyldusviðs, með aldurssamsetningu framfærsluþega í huga, að umrætt vinnulag sé mikilvægt til að stuðla að því að þeir nái fótfestu í samfélaginu.

Mosfellsbær er aðili að Fjölsmiðjunni, sjálfseignarstofnun sem starfrækir vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16–24 ára sem hætt hefur námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði. Þar gefst því tækifæri til þjálfá sig til starfa á almennum vinnumarkaði eða búa sig undir áframhaldandi nám. Á hverju ári hefur einn eða fleiri úr Mosfellsbæ starfað í Fjölsmiðjunni.

5. FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla til sjálfshjálpar það fólk sem þess þarf með og gera því kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

Um félagslega heimaþjónustu í Mosfellsbæ gilda reglur sem bæjarstjórn hefur samþykkt í samræmi við 25. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Kost á heimaþjónustunni eiga þeir sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Mosfellsbær fól Eir, hjúkrunarheimili framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu í Mosfellsbæ frá og með 1. janúar 2007. Ákvörðunin var hluti af samkomulagi aðilanna frá árinu 2005 um uppbyggingu öldrunarseturs í Mosfellsbæ. Í kjölfar þessa samnings gerði Eir samning við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um að annast heimahjúkrun fyrir íbúa í öryggisíbúðum eldra fólks í Eirhömrum. Nánar er fjallað um þjónustu við eldra fólk í 6. kafla hér á eftir.

Heimilum sem fá félagslega heimaþjónustu hefur fjölgað jafnt og þétt á tímabilinu 2010-2014 eins og sjá má í Töflu 12. Fjölgunin nemur 58% milli ára 2010 og 2014. Sama hlutfallslega fjölgun varð á milli ára 2006 og 2009. Þjónustan er oftast veitt á heimilum eldra fólks.

Tafla 12: Fjöldi heimila sem nutu félagslegrar heimaþjónustu árin 2010-2014 skipt eftir tegund heimila

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Heimili eldra fólks | 67 | 78 | 81 | 92 | 106 |
| Hlutfall | 75,3% | 70,9% | 69,2% | 73,6% | 74,1% |
| Heimili fatlaðs fólks | 21 | 26 | 27 | 26 | 29 |
| Hlutfall | 23,6% | 23,6% | 23,1% | 20,8% | 20,3% |
| Heimili annarra | 1 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| Hlutfall | 1,1% | 5,5% | 7,7% | 5,6% | 5,6% |
| Samtals | 89 | 110 | 117 | 125 | 143 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | -9,2% | 23,6% | 6,4% | 6,8% | 14,4% |
| Fjöldi einstaklinga á heimilunum alls | 141 | 196 | 207 | 210 | 243 |

Þess má geta að flestar vinnustundir í þjónustu Mosfellsbæjar við eldra fólk eru vegna dagdvalar, þjónustu við íbúa öryggisíbúða í Eirhömrum utan dagvinnutíma og þjónustu við félagsstarf eldri borgara, eða um 90%. Einungis um tíundi hluti þeirra stunda sem veittar eru til þjónustu við eldra fólk eru unnar beinlínis inni á heimilum þeirra og er þá yfirleitt um aðstoð við þrif að ræða.

Þrátt fyrir umtalsverða fjölgun heimila sem fengu félagslega heimaþjónustu á árunum 2010-2014 jukust útgjöld bæjarfélagsins af þeim sökum óverulega á tímabilinu eins og fram kemur í Töflu 13.

Tafla 13: Útgjöld til félagslegrar heimaþjónustu árin 2010-2014

| Útgjöld til heimaþjónustu | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-------------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Þús.kr. á verðlagi 2014 | 70.330 | 61.818 | 60.528 | 57.537 | 65.613 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | 5,0% | -13,8% | -2,1% | -5,2% | 12,3% |

Í Töflu 13 koma fram brúttótölur, þ.e. útgjöld bæjarfélagsins til heimaþjónustunnar án tillits til endurgreiðslna þeirra sem njóta hennar. Þær endurgreiðslur eru tekjutengdar þannig að þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri/örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu greiða ekki fyrir þjónustuna. Endurgreiðslur fóru vaxandi á tímabilinu sem hafa má til marks um að þeim heimilum fækki hlutfallslega sem hafa ekki tekjur umfram ofangreind mörk. Í heild nemur hlutdeild endurgreiðslnanna í kostnaði einungis um 5-7%.

Matarsendingar til einstaklinga sem búa á eigin heimili utan öryggisbúðanna eru hluti af heimaþjónustu sveitarfélagsins. Frá 1. janúar 2007 hefur Eir séð um sölu á matnum og akstur með hann.

Mosfellsbær greiðir kostnað af akstri vegna matarsendinga skv. gjaldskrá sem bundin er vísitölu neysluverðs. Gjaldið var 227 krónur í janúar 2014.

6. MÁLEFNI ELDRÁ FÓLKS

6.1 Inngangur

Markmið félagslegrar þjónustu við eldra fólk, samkvæmt 1. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, er að það eigi vól á þeirri þjónustu sem það þarf á að halda til að geta búið við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er.

Íbúum Mosfellsbæjar sem voru 67 ára eða eldri fjölgaði jafnt og þétt á árunum 2010-2014, bæði með fjölgun íbúa í bæjarfélaginu almennt og sem hlutfall af heildaríbúafjölda eins og Tafla 14 ber með sér. Meðan íbúum Mosfellsbæjar fjölgaði um 7,7% frá 2010 til 2014 fjölgaði íbúum 67 ára og eldri um 47,4%. Meðalfjölgun íbúa bæjarins á ári var á þessu tímabili 1,7%, en meðalfjölgun íbúa 67 ára og eldri á ári var 10,0%.

Fróðlegt er að líta í þessu tilliti einnig til liðins áratugar, áranna 2005-2014. Hlutfall íbúa 67 ára og eldri af heildaríbúafjölda Mosfellsbæjar hækkaði á tímabilinu úr 4,7% í 8,8%.

Tafla 14: Íbúar 67 ára og eldri, skipt eftir kyni, fjölgun milli ára og hlutfalli af íbúafjölda

| Íbúar 67 ára og eldri 1. desember | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|
| Karlar | 279 | 308 | 341 | 374 | 420 |
| Konur | 276 | 301 | 325 | 364 | 398 |
| Samtals | 555 | 609 | 666 | 738 | 818 |
| Hlutfallsleg fjölgun 67 ára og eldri milli ára | 9,5% | 9,7% | 9,4% | 10,8% | 10,8% |
| Íbúafjöldi alls | 8631 | 8822 | 8950 | 9084 | 9296 |
| Hlutfallsleg fjölgun íbúa alls milli ára | 1,2% | 2,2% | 1,5% | 1,5% | 2,3% |
| Hlutfall 67 ára og eldri af íbúafjölda | 6,4% | 6,9% | 7,4% | 8,1% | 8,8% |

Sé lítið til þeirra íbúa Mosfellsbæjar sem eru 80 ára og eldri kemur í ljós að þeim fjölgaði á svipaðan hátt og eldra fólki almennt, þ.e. bæði með almennri fjölgun íbúa og sem hlutfall af heildaríbúafjölda. Það er sýnt í Töflu 15. Meðan íbúum Mosfellsbæjar fjölgaði um 7,7% frá 2010 til 2014 fjölgaði íbúum 80 ára og eldri um 37,9%. Meðalfjölgun íbúa bæjarins á ári var á þessu tímabili 1,7%, en meðalfjölgun íbúa 80 ára og eldri á ári var 8,9%.

Tafla 15: Íbúar 80 ára og eldri, skipt eftir kyni, fjölgun milli ára og hlutfalli af íbúafjölda

| Íbúar 80 ára og eldri 1. desember | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|
| Karlar | 52 | 57 | 55 | 59 | 65 |
| Konur | 51 | 56 | 59 | 67 | 77 |
| Samtals | 103 | 113 | 114 | 126 | 142 |
| Hlutfallsleg fjölgun 80 ára og eldri milli ára | 10,8% | 9,7% | 0,9% | 10,5% | 12,7% |
| Íbúafjöldi alls | 8631 | 8822 | 8950 | 9084 | 9296 |
| Hlutfallsleg fjölgun íbúa alls milli ára | 1,2% | 2,2% | 1,5% | 1,5% | 2,3% |
| Hlutfall 80 ára og eldri af íbúafjölda | 1,2% | 1,3% | 1,3% | 1,4% | 1,5% |

Taka ber fram að í framangreindum tölum um fjölgun eldri íbúa í bæjarfélaginu gætir ekki – eða nánast ekki – áhrifa af starfrækslu hjúkrunarheimilisins Hamra. Starfsemin hófst síðla árs 2013 og reynslan sýnir að mjög fáir íbúanna skrá sig með lögheimili á Hömrum.

Þess má geta til fróðleiks í þessu sambandi að hlutfall íbúa 80 ára og eldri af heildaríbúafjölda Mosfellsbæjar tvöfaldaðist nærri því á áratugnum 2005-2014 úr 0,8% í 1,5%.

6.2 Íbúða- og þjónustumiðstöð eldra fólks í Eirhömrum

Þjónustumiðstöð eldra fólks er starfrækt í íbúða- og þjónustuhúsinu Eirhömrum við Hlaðhamra. Þar er miðstöð félagslegrar heimaþjónustu og félagsstarfs eldra fólks. Hún er rekin í samræmi við ákvæði greinar 13.2 í lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Með þessari þjónustu stendur eldri borgurum til boða félagsskapur, matur og hressing, aðstaða til hreyfingar og tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Íbúar hússins í Eirhömrum njóta sólarhringsþjónustu frá starfsmönnum félagslegrar heimaþjónustu sem hefur gert mörgum íbúa hússins kleift að búa lengur á eigin heimili en ella.

Aðdraganda að samstarfi Mosfellsbæjar og Eirar, hjúkrunarheimilis má rekja til ársins 2005 er aðilarnir gerðu með sér rannsamning um uppbyggingu og rekstur þjónustu við eldra fólk í Mosfellsbæ. Með þjónustusamningi síðla árs 2006 tók Eir að sér að byggja öryggisíbúðir og hjúkrunarheimili, ásamt því að annast rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða og félagslega heimaþjónustu fyrir Mosfellsbæ.

Markmið samstarfsins er að bjóða eldra fólki í bæjarfélaginu valkost þar sem öryggi þess er tryggt eftir fremsta megni og veita þjónustu sem gerir því kleift að búa sem lengst í eigin húsnæði. Bygging hjúkrunarheimilis þar sem innangengt er í íbúðir og þjónustumiðstöð auðveldar mökum og félögum samvistir við þá sem þurfa á hjúkrunarheimilisdvöl að halda.

Eir byggði 38 öryggisíbúðir sem teknar voru í notkun í apríl 2007. Íbúðirnar voru til viðbótar 20 íbúðum eldra fólks sem fyrir voru í bæjarfélaginu. Eir festi síðan kaup á þeim íbúðum og húsnæði þjónustumiðstöðvarinnar í lok árs 2009. Samhliða því var nafni þjónusturýmis hússins breytt úr Hlaðhömrum í Eirhamra. Þjónustumiðstöðin er nefnd svo í skýrslu þessari.


6.3 Dagdvöl eldra fólks

Dagdvöl eldra fólks er starfrækt samkvæmt 3. lið 13. gr. laga um málefni aldraðra. Heilbrigðisráðherra veitti Mosfellsbæ heimild til reksturs fjögurra dagdvalarrýma í þjónustumiðstöðinni Eirhömrum frá 1. febrúar 2002, en slík heimild er forsenda endurgreiðslna kostnaðar úr ríkissjóði. Heimildin var aukin um fimm rými eða úr fjórum í níu frá 1. mars 2003.

Starfsemi dagdvalarinnar er stuðningur við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima.

Dagdvölin í Eirhömrum er vel nýtt; þau níu rými sem í boði eru sóttu 15 til 23 einstaklingar á ári. Meðalaldur þeirra var á bilinu 83-87 ár, elsti einstaklingurinn var 94 ára og sá yngsti 66 ára.

Þessar upplýsingar eru settar fram með myndrænum hætti á Mynd 2 hér á eftir.



Mynd 2: Fjöldi og meðalaldur gesta í dagdvöl árin 2010-2014

Rekstur dagdvalarinnar er samtvinnnaður þeirri starfsemi sem fram fer í þjónustumiðstöðinni, þar með talið félagsstarfi eldra fólks. Lögum samkvæmt greiðir ríkissjóður daggjöld með þeim sem sækja dagdvölinu. Upphæð þeirra endurgreiðslna getur að líta í Töflu 16 í þúsundum króna á verðlagi ársins 2014.

Tafla 16: Endurgreiðslur ríkissjóðs vegna dagdvalar árin 2010-2014

| Endurgreiðslur vegna dagdvalar | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Þús.kr. á verðlagi ársins 2014 | 12.117 | 12.011 | 11.264 | 11.309 | 11.635 |

6.4 Félagsstarf eldra fólks

Félagsstarf fyrir eldri borgara hefur verið starfrækt frá árinu 1982. Starfsemin fer fram í þjónustumiðstöð eldra fólks í Eirhömrum. Fastráðnir starfsmenn voru forstöðumaður í hálfu starfi og leiðbeinandi í 80% starfi. Auk þess voru í tímabundnu starfi leiðbeinendur á námskeiðum sem hafa verið í boði af ýmsu tagi.

Starfið var fjölbreytt og vel sótt af eldri borgurum og má sjá útgjöld vegna félagsstarfsins á Töflu 17.

Tafla 17: Útgjöld til félagsstarfs eldra fólks árin 2010-2014

| Útgjöld til félagsstarfs eldra fólks | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--------------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Þús.kr. á verðlagi ársins 2014 | 18.891 | 17.964 | 23.577 | 16.441 | 16.294 |

7. MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKIS

7.1 Inngangur

Þjónusta við fatlaða íbúa Mosfellsbæjar miðar að því að skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi. Í því skyni eiga þeir sem búa við fötlun meðal annars kost á allri almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Áréttað er í sérlögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks að ávallt skuli leitast við að veita þeim þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu, en í 7. gr. laganna segir: „reynist þjónustuþörf fatlaðs einstaklings meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hann fá þjónustu samkvæmt lögum þessum“.

Sú meginbreyting varð á félagslegri þjónustu við fatlað fólk og þar með starfsemi fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar í ársbyrjun 2011 að málaflokkurinn fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Með tilfærslunni færðist ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun hennar til sveitarfélaganna, einkum í því skyni að:

- 1) auka möguleika til að laga þjónustuna að þörfum notenda hennar með hliðsjón af ólíkum aðstæðum innan sveitarfélaga,
- 2) stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga,
- 3) tryggja góða nýtingu fjármuna,
- 4) einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga,
- 5) styrkja sveitarstjórnarstigið og
- 6) tryggja að eitt stjórnarsýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu, bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnarsýslustiga.

Hugmyndin að þessari tilfærslu félagslegrar þjónustu við fatlað fólk var raunar engin nýlunda; nærri lá að hún yrði að veruleika árið 2000, en ekki náðist þá samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdina.

Að baki tilfærslunnar nú lá *Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða* sem undirritað var 23. nóvember 2010. Skömmu síðar, 17. desember 2010, voru síðan lögfest ýmis atriði sem vörðuðu málið með lögum nr. 152/2010 um breytingu á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Í ofangreindu samkomulagi er kveðið á um að svonefnd þjónustusvæði um rekstur úrræða og stuðnings við fatlað fólk skuli að lágmarki hafa 8.000 íbúa. Þar sem sveitarfélög eru fámennari voru því mynduð slík þjónustusvæði og varð að ráði að Mosfellsbær og Kjósarhreppur mynduðu eitt svæði.

7.2 Ný verkefni

Við yfirfærsluna 1. janúar 2011 komu í hlut Mosfellsbæjar fjölmörg verkefni sem höfðu áður verið á höndum Svæðisskrifstofu Reykjaness, en hún var lögð niður í árslok 2010.

Meginverkefnin urðu þessi:

- 1) Starfræksla þeirra búsetukjarna sem fyrir voru í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti.
- 2) Frekari liðveisla.

- 3) Notendastýrð persónuleg aðstoð (frá 2012).
- 4) Skammtíamavistun fatlaðra barna og ungmenna.
- 5) Þjónusta stuðningsfjölskyldna.
- 6) Vernduð vinna, hæfing og önnur dagþjónusta.
- 7) Ráðgjöf við fatlað fólk og fjölskyldur þess.
- 8) Þjónustusamningur og samskipti við Skálatún.
- 9) Þjónustusamningur og samskipti við Ásgarð – handverkstæði.

Fyrir tilfærsluna annaðist Mosfellsbær tvo þjónustubætti sem lúta að fötluðu fólki og sveitarfélögum var skylt að veita áður en breytingin kom til. Það er liðveisla, einnig nefnd félagsleg eða almenn liðveisla, og ferðapjónusta fatlaðs fólks. Kveðið var á um þessa þjónustu í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og verður fjallað nánar um hana síðar í þessari skýrslu.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir þeim verkefnum sem Mosfellsbær, líkt og önnur sveitarfélög, tók að sér við tilfærsluna, ásamt þeim sem bæjarfélagið annaðist fyrir.

7.3 Fjármál og mat á stuðningsþörf

Fyrir tilfærsluna í ársbyrjun 2011 var gert samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun málaflokksins sem færðist einnig milli þessara stjórnsýslustiga⁴. Samkomulagið kvað á um 1,2% hækkun á útsvarshlutfalli sveitarfélaga gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Af þessu útsvarshlutfalli skyldu 0,95% renna til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ætlað var að úthluta framlögum til sveitarfélaga/þjónustusvæða samkvæmt sérstöku mati á stuðningsþörf þeirra einstaklinga sem búa á viðkomandi svæði. Hins vegar skyldu sveitarfélögin verja sjálf 0,25% af útsvarsstofni til þjónustunnar án milligöngu Jöfnunarsjóðs.

Í því skyni að meta stuðningsþörf fatlaðra íbúa hvers svæðis var sérfræðingum frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Háskóla Íslands falið að þýða og staðfæra bandarískt matskerfi sem metur stuðningsþörf fatlaðs fólks, svonefnt Supports Intensity Scale (SIS). Metnir voru á síðari hluta ársins 2010 um eitt þúsund fatlaðir einstaklingar sem nutu umtalsverðrar þjónustu á landinu og myndaði það mat grundvöll fyrir framlög Jöfnunarsjóðs.

Matið var endurtekið á síðari hluta ársins 2014 og voru þá um 1400 manns í hópnum. Fjölgunin er einkum rakin til þess að við fyrra matið hafi all nokkur hópur fólks með umtalsverðar stuðningsþarfir verið á biðlistum eftir þjónustu og því ekki verið metið þá. Ennfremur hefur verið bent á að fjölgað hafi í hópnum við það að stjórnun þjónustunnar færðist nær notendum og aðstandendum og hafi þannig orðið aðgengilegri.

Tafla 18 sýnir tekjur og gjöld Mosfellsbæjar vegna þjónustu við fatlað fólk á árunum 2011-2014, þ.e. eftir tilfærslu málaflokksins til sveitarfélaga. Þær „deildir“ sem tilgreindar eru undir gjöldum (02 50 og 02 52-58) eru þau viðfangsefni sem fluttust yfir og nefnd eru í kafla 7.2 að framan, sem og sundurliðuð nánar í Töflu 19.

Upphæðir eru í þúsundum króna og eru fyrri árin færð til verðlags ársins 2014 miðað við meðaltal vísitölu neysliverðs hvers árs.

⁴ Samkomulag ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsgramma tilfærslu þjónustu við fatlaða, dags. 6. júlí 2010.

Tafla 18: Tekjur og gjöld vegna málaflokks fatlaðs fólks árin 2011-2014

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 634.581 | 672.390 | 725.679 | 716.368 |
| 0,25% eigið útsvar (áætl. Jöfnunarsjóðs) | 63.980 | 66.805 | 68.972 | 73.615 |
| Hlutdeild Kjósarhrepps | 1.617 | 1.636 | 1.653 | 1.697 |
| Tekjur samtals | 700.178 | 740.831 | 796.303 | 791.680 |
| Gjöld samtals - deildir 02 50 og 02 52-58 | 691.853 | 761.483 | 786.370 | 858.542 |
| Mismundur tekna og gjalda í þús.kr. | 8.325 | -20.652 | 9.933 | -66.862 |
| Mismundur tekna og gjalda - % af tekjum | 1,2% | -2,8% | 1,2% | -8,4% |

Tafla 19 sýnir sundurliðun útgjalda Mosfellsbæjar vegna þeirra viðfangsefna sem færð voru til sveitarfélaganna 2011. Meginhluti (rúm 90%) kostnaðarliðarins *Sameiginlegur kostnaður* samanstendur af greiðslum vegna þjónustusamninga Mosfellsbæjar við Skálatún og Ásgarð – handverkstæði. Upphæðir eru í þúsundum króna og fyrri árin uppfærð til verðlags 2014. Nánar er fjallað um þessa þjónustupætti hér á eftir.

Tafla 19: Þjónusta við fatlað fólk árin 2011-2014, sundurliðun útgjalda eftir tegund þjónustu

| Viðfangsefni | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Sameiginlegur kostnaður | 479.469 | 479.877 | 498.548 | 547.840 |
| Frekari liðveisla | 11.702 | 46.780 | 64.627 | 62.329 |
| Stuðningsfjölskyldur | 4.276 | 8.159 | 9.402 | 11.484 |
| Hulduhlíð - búsetukjarni | 61.568 | 57.663 | 51.925 | 55.509 |
| Klapparhlíð - búsetukjarni | 46.969 | 52.645 | 51.246 | 53.924 |
| Þverholt - búsetukjarni | 59.220 | 59.485 | 51.777 | 73.959 |
| Skammtíavistun | 4.770 | 22.227 | 29.634 | 23.243 |
| Dagþjónusta | 12.729 | 34.646 | 29.213 | 30.254 |
| Samtals útgjöld | 680.703 | 761.483 | 786.371 | 858.542 |
| Breyting frá fyrra ári | | 11,9% | 3,3% | 9,2% |

Til skýringar skal þess getið að aukning í *frekari liðveislu* milli árána 2011 og 2012 og aftur 2012-2013 stafar af því að notendastýrðri persónulegri aðstoð var komið á 2012 (sjá síðar). Meginhluti útgjaldanna sem því fylgja er bókfærður á þennan lið.

Lág útgjöld á árinu 2011, miðað við næstu ár, vegna *stuðningsfjölskyldna*, *skammtíavistunar* og *dagþjónustu* markast af því að verið var að þróa þessi úrræði sem þá voru komin á forræði sveitarfélaganna. Um það höfðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur með sér samstarf. Þetta árið, 2011, veitti Jöfnunarsjóður bein framlög til úrræðanna sem fyrir voru á þessu sviði (m.a. hæfingarstöðva í Kópavogi og skammtíavistana í Hafnarfirði og Garðabæ) og takmarkaði sú tilhögun nokkuð þjónustu þeirra. Frá og með árinu 2012 jókst hins vegar framboð á þjónustu og fatlað fólk og aðstandendur þess nýttu sér hana í auknum mæli.

Sem sjá má eru nokkrar sveiflur milli ára í útgjöldum vegna búsetukjarnanna í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti. Þær stafa einkum af breytingum í íbúahópnum.

7.4 Samráðshópur á höfuðborgarsvæðinu

Sem fyrr segir höfðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þegar á árinu 2011 með sér samstarf um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk, einkum þau viðfangsefni sem lutu að samnýtingu úrræða á svæðinu. Því samstarfi var raunar komið á með formlegum hætti í nóvember 2010 þegar ljóst var orðið hvert stefndi með tilfærsluna.⁵

Í samstarfssamningnum er m.a. kveðið á um:

- Miðlun upplýsinga um áætlanir og þjónustu við fatlaða⁶, sem og faglegt samráð og samstarf um stefnu, uppbyggingu og framkvæmd þjónustunnar.
- Samráð um innleiðingu og þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
- Samráð við hagsmunasamtök fatlaðra.
- Mat á þjónustupörf.
- Endurmenntun og þjálfun starfsfólks, ásamt ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk.
- Fyrirkomulag gæðastjórnunar og faglegs innra eftirlits.
- Samhæfing nýtingar mjög sérhæfðra þjónustuúrræða.

Tilhögun samstarfsins var með þeim hætti að framkvæmdastjórar félagsþjónustu sveitarfélaganna utan Reykjavíkur komu saman hálfsmánaðarlega, báru saman bækur sínar og ræddu framvindu og horfur. Enn fremur komu gestir á fundina, t.d. frá velferðarráðuneyti, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtökum fatlaðs fólks, Þroskahjálp og ÖBÍ. Áheyrnarfulltrúi frá Reykjavík sat fundina því ekki varð um samnýtingu úrræða að ræða milli sjálfrar höfuðborgarinnar og nágrennasveitarfélaganna.

7.5 Búsetuþjónusta

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi kom á fót búsetukjörnunum í Hulduhlíð, Klapparhlíð og Þverholti á árunum 2003-2005. Fyrstu íbúarnir í Klapparhlíð höfðu búið í Tjaldanesi í Mosfellsdal, en það heimili var lagt niður 2004. Mosfellsbær tók við rekstri kjarnanna við yfirfærslu málaflokksins í ársbyrjun 2011.

Starfsemi kjarnanna þriggja var í meginatriðum með sama sniði og umfangi á árunum 2011-2014. Nokkrar breytingar urðu þó á íbúasamsetningu í Klapparhlíð og Þverholti á árinu 2014 og jafnframt kom til þjónusta við fatlað fólk sem bjó sjálfstætt í nágrenni við kjarnana.

Í ljósi þess hve lítið breyttist á tímabilinu verður hér fyrst og fremst vikið að starfsemi á árinu 2014. Gerð er grein fyrir útgjöldum til glöggvunar á rekstrinum. Sem sjá má hér á eftir er kostnaður og umgjörð ekki einungis háð fjölda íbúa, heldur einkum af stuðningsþörf þeirra.

Hulduhlíð

Í Hulduhlíð voru fjórir íbúar í tveimur íbúðum, auk þess sem einn einstaklingur í eigin íbúð í nágrenningu fékk þaðan þjónustu. Í kjarnanum er sólarhringsþjónusta. Starfsmenn við kjarnann

⁵ Samningur um *Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða*, dags. 12. nóvember 2010.

⁶ Hér er orðfæri samningsins notað; það var síðan við lokameðferð endurskoðunar laga um málefni fatlaðs fólks í desember 2010 að orðalagið *fatlað fólk* kom formlega inn í lagatextann í stað *fatlaðir*.

voru ellefu í 6,45 stöðugildum. Önnur íbúðin er í eigu Mosfellsbæjar, hin í eigu Brynju – hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Íbúar í Hulduhlíð greiddu mánaðarlega í svonefndan íbúasjóð, sameiginlegan sjóð sem stóð undir útgjöldum við matarinnkaup, rafmagn, hita, sjónvarp og annað sem tilheyrir heimilishaldi.

Í Töflu 20 gefur að líta gjöld bæjarins vegna Hulduhlíðar á árinu 2014. Húsaleiga (nettó) eru leigugjöldin að frádreginni þeirri húsaleigu sem íbúarnir greiða.

Tafla 20: Rekstur Hulduhlíðar árið 2014

| Hulduhlíð 2014 | Þús.kr. | % |
|-------------------|---------------|---------------|
| Launagjöld | 52.091 | 93,8% |
| Húsaleiga (nettó) | 1.274 | 2,3% |
| Önnur gjöld | 2.143 | 3,9% |
| Samtals | 55.508 | 100,0% |

Klapparhlíð

Í Klapparhlíð voru í upphafi ársins 2014 fimm íbúar í þremur íbúðum. Þeim fækkaði í þrjá síðla árs þegar einn flutti í Þverholt og annar á Skálatún. Við það jókst einkarými og svigrúm íbúanna sem eftir urðu, en það var orðið brýnt. Auk þess fékk einn einstaklingur eigin íbúð í nágrenninu þjónustu frá kjarnanum og seinfærir foreldrar með lítið barn annars staðar í bænum nutu reglubundins stuðnings starfsfólks.

Í kjarnanum er sólarhringsþjónusta. Starfsmenn voru lengst af átta í tæpum sex stöðugildum. Íbúðirnar eru í eigu Brynju – hússjóðs Öryrkjabandalagsins.

Íbúar Klapparhlíðar greiddu sjálfir kostnað við eigin matarinnkaup og önnur útgjöld vegna heimilishalds, auk húsaleigu. Starfsfólk aðstoðaði þá við matseld og aðrar athafnir eftir þörfum.

Í Töflu 21 gefur að líta gjöld bæjarins vegna Klapparhlíðar á árinu 2014. Húsaleiga (nettó) eru leigugjöldin að frádreginni þeirri húsaleigu sem íbúarnir greiða.

Tafla 21: Rekstur Klapparhlíðar árið 2014

| Klapparhlíð 2014 | Þús.kr. | % |
|-------------------|---------------|---------------|
| Launagjöld | 46.528 | 86,3% |
| Húsaleiga (nettó) | 6.332 | 11,7% |
| Önnur gjöld | 1.064 | 2,0% |
| Samtals | 53.924 | 100,0% |

Þverholt

Í Þverholti bjuggu fimm íbúar, hver í sinni íbúð. Jafnframt veitti starfsfólk búsetukjarnans þjónustu tveimur einstaklingum sem bjuggu í nágrenninu, hvorum í sinni íbúð. Í kjarnanum er sólarhringsþjónusta. Starfsmenn voru 15 í sex og hálfu stöðugildi. Húsnæðið er í eigu Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Í Töflu 22 gefur að líta gjöld bæjarins vegna Þverholts á árinu 2014. Húsaleiga (nettó) eru leigugjöldin að frádreginni þeirri húsaleigu sem íbúarnir greiða.

Tafla 22: Rekstur þverholts árið 2014

| Þverholt 2014 | Þús.kr. | % |
|-------------------|---------------|---------------|
| Launagjöld | 67.937 | 91,9% |
| Húsaleiga (nettó) | 4.689 | 6,3% |
| Önnur gjöld | 1.334 | 1,8% |
| Samtals | 73.960 | 100,0% |

Biðlisti eftir sértækri búsetu

Í árslok 2014 voru fjórir einstaklingar með lögheimili í Mosfellsbæ á biðlista eftir búsetu með þjónustu. Tveir þeirra voru með samning um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Auk þess höfðu fjórir einstaklingar sem voru þegar í búsetu, þar af þrír íbúar Skálatúns, óskað eftir breytingu, þ.e.a.s. flutningi í aðra búsetu.

Skálatún

Við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaganna 2011 kom það í hlut Mosfellsbæjar að gera þjónustusamning við Skálatún. Íbúar á Skálatúni eiga lögheimili í bæjarfélaginu sem þar með hefur skyldum að gegna gagnvart þeim.

Skálatún er sjálfseignarstofnun sem komið var á fót af IOGT sem heimili fyrir börn 1954. Skömmu síðar kom Styrktarfélag vangefinna (nú Ás - styrktarfélag) til skjalanna sem rekstraraðili við hlið IOGT. Íbúar Skálatúns hafa á árunum 2011-2014 verið 39-40 og hafa flestir þeirra búið þar um langt árabil, jafnvel frá barnsaldri. Meðalaldur var orðinn liðlega 50 ár á árinu 2014.

Sem fyrr getur felst meginhluti útgjalda Mosfellsbæjar til þjónustu við fatlaða í framlögum til Skálatúns og Ásgarðs samkvæmt þjónustusamningum. Þar af námu framlög til Skálatúns á árinu 2014 um 423,5 m.kr. sem voru 53,5% af tekjum bæjarfélagsins sem ætlaðar voru málaflokknum.

7.6 Notendastýrð persónuleg aðstoð – NPA

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) felst í því að fólk með sértækar þjónustubarfir vegna skertrar færni stjórnar því sjálft hvers konar stoðþjónustu það nýtur, hvar og hvernig hún er veitt, að hve miklu leyti og af hálfu hvers. Notendastýrð aðstoð getur jafnt farið fram á heimili notanda, vinnustað sem annars staðar, til dæmis við frístundaiðju eða sem aðstoð við að sækja þjónustu í samfélaginu.

NPA var formlega komið á í Mosfellsbæ með samþykkt reglna í bæjarstjórn þar að lútandi 26. september 2012.⁷ Þjónustan byggði á bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari tíma breytingu nr. 152/2010 þar sem ákvæði þetta kom fyrst fram. Þar segir raunar að um sé að ræða verkefni til reynslu í tiltekinn tíma sem sveitarfélög skuli leitast við að bjóða fötluðu fólki. Þjónustan var með öðrum orðum ekki lögbundin á tímabilinu en Mosfellsbær var meðal all nokkurra sveitarfélaga/þjónustusvæða sem ákváðu að fara þessa leið.

⁷ <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2012/09/28/reglurumnotendastyrda-personulegaadstodfyrifatladfolk/>

Segja má að þessari tilhögun hafi þegar verið komið á 2011 með svonefndum notendasamningum, en með þeim fékk fólk greidda tiltekna fjárhæð á mánuði til að ráða sér sjálft fólk til aðstoðar. Fjárhæðirnar fyrir 2011 og að nokkru leyti fyrir 2012 eiga við um slíka samninga.

Tafla 23: Fjöldi NPA samninga/notendasamninga og útgjöld árin 2011-2014

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------------------------|--------|--------|--------|--------|
| Fjöldi NPA-samninga í árslok | 6 | 10 | 10 | 11 |
| Útgjöld í þús.kr. á verðlagi 2014 | 18.687 | 55.933 | 76.896 | 73.878 |

Eins og sjá má í Töflu 23 hefur fjöldi NPA-samninga verið í jafnvægi eftir að þjónustunni var formlega komið á 2012. Fjárhæðir hækkuðu hins vegar nokkuð milli ára 2012 og 2013 þegar reynsla var komin á stuðningsþarfir notenda og tilheyrandi fjárför. Stuðningsþörfin og þar með fjárförin er mjög mismunandi. Almenn ánægja var með þetta nýja þjónustuform.

7.7 Liðveisla

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 segir um liðveislu að átt sé við „... persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs“. Þá segir einnig að sveitarfélög skuli „...eftir föngum gefa fötluðu fólki kost á liðveislu“. Liðveisla var verkefni sveitarfélagsins áður en málaflokkurinn færðist frá ríkinu.

Um liðveislu gilda reglur sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt. Þar segir meðal annars að heimilt sé að veita þeim liðveislu sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu í lögum um málefni fatlaðs fólks, búa utan stofnana og sambýla og hafa náð sex ára aldri. Greining um fötlun skal liggja fyrir, frá þar til bærum aðilum.⁸

Í Töflu 24 getur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra sem nutu liðveislu af hálfu Mosfellsbæjar á árunum 2010 til 2014, fjölda stunda sem veittar voru og útgjöld í þúsundum króna á verðlagi ársins 2014.

Tafla 24: Liðveisla veitt árin 2011-2014 skipt eftir fjölda notenda, tímafjölda og útgjöldum

| Notendur, veittar stundir og útgjöld | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Notendur samtals | 33 | 41 | 47 | 49 | 53 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 24,2% | 14,6% | 4,3% | 8,2% |
| Veittar stundir samtals | 4.137 | 5.046 | 6.427 | 7.036 | 6.772 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 22,0% | 27,4% | 9,5% | -3,8% |
| Útgjöld til liðveislu samtals í þús.kr. | 15.777 | 20.123 | 23.284 | 25.981 | 26.584 |
| Kostnaður á notanda að meðaltali í þús.kr. | 478 | 491 | 495 | 530 | 502 |

Sem sjá má fjölgaði þeim umtalsvert á árunum 2011 og 2012 sem nutu liðveislu. Það skýrist einkum af því að nokkrar þeirra stunda sem innifaldar eru í NPA, notendastýrðri persónulegri aðstoð, er skráður sem liðveisla og færðar sem slíkar í bókhaldi bæjarins. Eins og áður hefur komið

⁸ Sjá: <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2015/11/18/lidveisla/>

fram var NPA/notendasamningum komið á á árunum 2011 og 2012. Nærri lætur að um helmingur notenda liðveislu sé undir 18 ára aldri.

Mat á þörf fyrir liðveislu ræður fjölda stunda sem veittar eru og gátu þær verið allt að 20, nema í örfáum undantekningartilvikum voru þær lítið eitt fleiri. Kostnaður við liðveislu felst að meginhluta til í launum liðveitenda, en þeir fá einnig greitt fyrir akstur leggi þeir með sér bíl, sem og útlagðan eigin kostnað fari þeir t.d. í kvikmyndahús eða á veitingastað með þeim sem þeir aðstoða.

Að jafnaði störfuðu fjörutíu til fimmtíu einstaklingar við liðveislu hverju sinni, að mestu ungt fólk í hlutastarfi með námi.

7.8 Dagþjónusta – atvinna og hæfing

Fatlaðir íbúar Mosfellsbæjar sem störfuðu á hæfingarstöðvum, vernduðum vinnustofum eða nutu starfsþjálfunar/starfsprófunar voru 16 talsins á árinu 2014. Sá fjöldi var mjög ámóta á árunum þar á undan. Nánar tiltekið störfuðu fimm einstaklingar á handverkstæðinu Ásgarði í Álafosskvosinni, ýmist hálfan eða allan daginn, einn vann á vinnustofu Hleinar á Reykjalandi hálfan daginn og tveir á vinnustofum Skálatúns drjúgan hluta dags. Þá sóttu nokkrir vinnustofur og hæfingu Áss – styrktarfélag í Ögurharfi í Kópavogi og Bjarkarási/Lækjarási í Reykjavík.

Allar eru þessar starfsstöðvar reknar af öðrum en Mosfellsbæ og því er um aðkeypta þjónustu að ræða. Kostnað á árunum 2011-2014 má sjá í Töflu 25, en dagþjónusta var ekki á forræði sveitarfélagsins á árinu 2010.

Í töflunni er ekki meðtalinn kostnaður vegna þeirra einstaklinga sem starfa í Ásgarði sem Mosfellsbær hefur gert þjónustusamning við. Sá samningur felur í sér að bæjarfélagið greiðir fyrir 11 stöðugildi, nýtir að jafnaði fimm þeirra en hin eru nýtt af íbúum í Kópavogi og Hafnarfirði. Mosfellsbær innheimtir síðan hlutdeild þeirra. Greiðsla samkvæmt samningnum nam á árinu 2014 31,2 m.kr. og endurgreiðslur frá ofangreindum sveitarfélögum 17,3 m.kr.

Hér gildir það sem áður segir um að lág útgjöld á árinu 2011, miðað við næstu ár, vegna *stuðningsfjölskyldna, skammtímavistunar og dagþjónustu* markast af því að verið var að þróa þessi úrræði sem þá voru komin á forræði sveitarfélaganna. Um það höfðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur með sér samstarf. Það árið veitti Jöfnunarsjóður bein framlög til úrræðanna sem fyrir voru á þessu sviði (m.a. hæfingarstöðva í Kópavogi og skammtímavistana í Hafnarfirði og Garðabæ) og takmarkaði sú tilhögun nokkuð þjónustu þeirra. Frá og með árinu 2012 jókst hins vegar framboð á þjónustu og fatlað fólk og aðstandendur þess nýttu sér hana í auknum mæli.

Tafla 25: Útgjöld til dagþjónustu árin 2011-2014 og hlutfallsleg breyting milli ára

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------------------------|--------|--------|--------|--------|
| Útgjöld í þús.kr. á verðlagi 2014 | 11.417 | 34.646 | 29.213 | 30.254 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 203,5% | -15,7% | 3,6% |

7.9 Skammtímavistun

Skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni var starfrækt í samræmi við 9. og 22. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Þar segir að foreldrar skuli eiga kost á slíkri dvöl fyrir börn sín

þegar þörf krefur. Henni sé ætlað að veita börnunum tímabundna dvöl til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna, svo sem veikinda og álags.

Þjónustunni er því einnig ætlað að létta álagi af fjölskyldum og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í foreldrahúsum. Reyndin er sú að ungmenni yfir 18 ára aldri eiga eftir atvikum einnig kost á skammtí mavistun sé pláss að fá.

Í skammtí mavistun er í boði afþreying, aðstoð og grunnþjálfun við athafnir daglegs lífs.

Mosfellsbær nýtti sér skammtí mavistunina að Móaflöt í Garðabæ fyrir börn á grunnskólaaldri og skammtí mavistuninni að Hnotubergi í Hafnarfirði fyrir þá sem voru 16 ára og eldri. Einnig hafði verið nýtt heimili í Hrauntungu í Kópavogi sem er eins konar blanda af skammtí mavistun og áfangaheimili þar sem ungt fólk á aldrinum u.þ.b. 20-30 ára dvelur í hálfan mánuð í senn en býr í foreldrahúsum hinn helming mánaðarins.

Nokkuð er misjafnt frá ári til árs – og innan ársins – hve mörg börn nýttu sér skammtí mavistun, sem og eru mismargir dagar nýttir innan hvers mánaðar. Á því árabili sem hér um ræðir, 2011-2014, dvöldu að jafnaði þrjú til fjögur börn í Móaflöt ár hvert og tvö til þrjú í Hnotubergi.

Algengast var að dvöl í skammtí mavistun næmi tveimur til þremur dögum í mánuði, t.d. yfir helgi. Hámarksdvöl eru sjö dagar í mánuði og getur dvölin verið samfelld eða í styttri tíma í senn. Í undantekningartilvikum geta einstaklingar dvalið skemur eða lengur ef sérstakar aðstæður krefjast þess. Eitt ungmenni úr Mosfellsbæ dvaldi í Hrauntungu hverju sinni á umræddu árabili.

Allar eru þessar starfsstöðvar reknar af öðrum en Mosfellsbæ og því er um aðkeypta þjónustu að ræða. Kostnaður á árunum 2011-2014 var sem fram kemur í Töflu 26.

Tafla 26: Útgjöld vegna skammtí mavistunar árin 2011-2014 og hlutfallsleg breyting milli ára

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-----------------------------------|-------|--------|--------|--------|
| Útgjöld í þús.kr. á verðlagi 2014 | 4.770 | 22.227 | 29.634 | 23.243 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 366,0% | 33,3% | -21,6% |

Upphæðir eru í þúsundum króna og sem fyrr eru fyrri árin færð til verðlags ársins 2014 miðað við meðaltal vísitölu neysluverðs hvers árs. Sama gildir um það sem áður segir um lág útgjöld á árinu 2011, miðað við næstu ár, að útgjöld markast af því að verið var að þróa þessi úrræði sem þá voru nýkomin á forræði sveitarfélaganna. Þetta árið veitti Jöfnunarsjóður bein framlög til úrræða sem fyrir voru á þessu sviði og takmarkaði sú tilhögun nokkuð þjónustu þeirra. Frá og með árinu 2012 jókst hins vegar framboð á þjónustu og vitund um hana og fatlað fólk og aðstandendur þess nýttu sér hana í auknum mæli.

Þess ber að geta að snemma á því tímabili sem hér er fjallað um komu fram þau sjónarmið að skammtí mavistun væri ef til vill ekki það úrræði sem æskilegast eða heppilegast væri fyrir börn sem þörfnuðust hvíldar frá fjölskyldu sinni eða fjölskyldunnar frá barninu. Fyrir því voru færð fram bæði hugmyndafræðileg og fjárhagsleg rök. Því óx þeirri hugmynd fylgi að skynsamlegt væri að hækka greiðslur til stuðningsfjölskyldna (sjá næsta kafla) í því skyni að auka hlutdeild þeirra í að gegna því hlutverki sem skammtí mavistun væri annars ætlað. Það var gert að nokkru leyti og má vænta þess að unnið verði áfram í þeim dúr.

7.10 Stuðningsfjölskyldur

Samkvæmt 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Nánar er kveðið á um hlutverk og markmið í reglum Mosfellsbæjar þar að lútandi, en þar segir:

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka kosti barnsins á félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að uppeldi barnsins.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á velferð barns meðan á dvöl hjá henni stendur og skal hlúa að því í hvívetna. Það á jafnt við í tilfinningalegu, heilsufarslegu sem félagslegu tilliti.

Um umfang þjónustunnar segir:

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu miðast við sólarhringsþjónustu. Dvalartími fer eftir aðstæðum og er samningsatriði í hverju tilviki innan eftirfarandi ramma: Samfelld dvöl fari að jafnaði ekki yfir þrjá sólarhringa á mánuði samanlagt, en getur þó, samkvæmt sérstöku mati, numið allt að fimm sólarhringum á mánuði. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þörf á dagsdvöl.⁹

Mosfellsbær greiðir stuðningsfjölskyldunni fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá henni. Greiðslan tekur mið af umönnunarflokki barnsins eins og hann er skilgreindur af Tryggingastofnun ríkisins.

Helsta áskorun við þjónustu stuðningsfjölskyldna eru erfiðleikar við að fá stuðningsfjölskyldur til starfa, að líkindum fyrst og fremst þar sem greiðslur voru lágar miðað við þá vinnu og bindingu sem verkefnið útheimtir. Brugðist var við því með því að hækka greiðslur nokkuð umfram verðlagshækkunar, en líklegt er að þær þurfi að hækka mun meira til þess að framboðið aukist.

Í langflestum tilvikum eru það aðilar tengdir barninu sem taka að sér stuðningshlutverkið. Hætt er því við að oft sé um „þvingaðar“ skyldur eða greiða að ræða þegar fjölskylda og vinir gera sér ljóst hve mikið álag felst í því fyrir foreldra að annast fatlað barn sitt án hvíldar.

Í Töflu 27 gefur að líta helstu tölulegar upplýsingar um stuðningsfjölskyldur á árunum 2011-2014. Útgjöld eru sem fyrr á verðlagi 2014.

Tafla 27: Fjöldi stuðningsfjölskyldna árin 2011-2014 skipt eftir fjölda sólarhringa og útgjöldum

| Stuðningsfjölskyldur og sólarhringar | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--------------------------------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Stuðningsfjölskyldur | 19 | 24 | 29 | 31 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 26,3% | 20,8% | 6,9% |
| Sólarhringar | 47 | 59 | 70 | 73 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 25,5% | 18,6% | 4,3% |
| Útgjöld í þús.kr. | 4.276 | 8.159 | 9.402 | 11.484 |

⁹ Sjá: <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2011/10/04/reglurmosfellsbaearumthjonustustudningsfjolskyldnafyrirfotludbornogfjolskyldurtheirra/>

Eins og fram kemur í töflunni hefur þjónusta stuðningsfjölskyldna aukist stöðugt á tímabilinu og hefði að líkindum aukist meira ef unnt hefði verið að koma til móts við alla eftirspurn. Útgjöldin bera jafnframt með sér að nokkur hækkun varð á greiðslum fyrir hvern sólarhring á árinu 2012.

7.11 Ferðapjónusta fatlaðs fólks

Lög um málefni fatlaðs fólks skylduðu sveitarfélög til að gefa fötluðu fólki kost á ferðapjónustu. Markmið hennar er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsgöngur vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám, njóta tómtunda og til að sækja sértæka þjónustu til fatlaðs fólks.¹⁰

Í reglum Mosfellsbæjar segir að rétt til þjónustunnar eigi þeir sem eru:

- a) Hjólastólsnotendur.
- b) Blindir og geta ekki notað önnur flutningstæki.
- c) Ófærir um að nota almenningsvagnþjónustu vegna annarrar fötlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Ennfremur segir að hlutverk þjónustunnar sé að sjá fötluðu fólki fyrir ferðum til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar og skuli þær ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra erinda er háður takmörkunum, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 16 í mánuði og heildarfjöldi ferða fari ekki umfram 60 ferðir í mánuði.

Þau fötluðu börn gátu jafnframt nýtt sér þjónustuna sem ella gætu nýtt sér þjónustu almenningsvagna í ljósi aldurs.

Farþegar greiddu gjald sem nam hálfu fargjaldi með Strætó bs.

Í þeim tilvikum sem að neðan greinir var heimilt að veita íbúum 67 ára og eldri ferðapjónustu þrátt fyrir að ekki lægju fyrir skyldur bæjarfélagsins til slíkrar þjónustu samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

- 1) Hafi umsækjandi um ferðapjónustu verið metinn til 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins skal hann fá þjónustu samkvæmt 2. gr. þessara reglna, að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.
- 2) Þeir sem sækja dagvist eldri borgara að Hlaðhömrum fá akstursþjónustu samkvæmt reglugerð um dagvist aldraðra nr. 45/1990. Sé dagvist sótt utan Mosfellsbæjar er unnt að sækja um ferðapjónustu í því skyni.

Ferðir í sjúkraþjálfun og vegna reglubundinnar meðferðar á sjúkrastofnun eru heimilaðar, miða skal við að heildarfjöldi ferða verði ekki fleiri en átta í mánuði, að jafnaði.

Smartbílar ehf. önnuðust ferðapjónustuna samkvæmt samningi við Mosfellsbæ á því tímabili sem hér um ræðir líkt og nokkur undangengin ár.

Í Töflu 28 kemur fram fjöldi ferða, fjöldi farþega og kostnaður á árunum 2010-2014. Fjárhæðir í töflunni eru á verðlagi ársins 2014 og sýna kostnað sveitarfélagsins að frádrögnum fargjöldum notenda. Sem sjá má breyttist fjöldi farþega lítið frá ári til árs, en fjöldi ferða á hvern þeirra jókst töluvert og þar með kostnaður.

¹⁰ Sjá 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks: <http://www.althingi.is/lagas/146a/1992059.html> -

Tafla 28: Ferðapjónusta fatlaðs fólks árin 2011-2014, skipt eftir fjölda ferða, farþega fjölda og útgjöldum

| Fjöldi ferða, farþega og kostnaður | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Fjöldi ferða | 17.760 | 19.273 | 19.315 | 19.389 | 20.217 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | | 8,5% | 0,2% | 0,4% | 4,3% |
| Fjöldi farþega | 90 | 92 | 89 | 88 | 91 |
| Hlutfallsleg breyting frá fyrra ári | | 2,2% | -3,3% | -1,1% | 3,4% |
| Kostnaður | 31.420 | 35.637 | 36.875 | 42.508 | 47.929 |
| Meðalkostnaður pr. ferð í þús. kr. | 1,769 | 1,849 | 1,909 | 2,192 | 2,371 |
| Meðalfjöldi ferða á hvern farþega | 197 | 209 | 217 | 220 | 222 |

8. FÉLAGSLEG HÚSNÆÐISMÁL

8.1 Inngangur

Verkefni sveitarfélaga á sviði félagslegra húsnæðismála eru einkum af tvennum toga, þ.e.

- 1) að veita, eftir því sem kostur er, „þeim fjölskyldum og einstaklingum úrlausn í húsnæðismálum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna.“¹¹

Félagsmálanefndir skulu meðal annars „sjá til þess að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn.“¹²

Í þessu skyni ber sveitarstjórn að fylgjast með þörf fyrir húsnæði í sveitarfélaginu og bera ábyrgð á og hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks sem þarfnast aðstoðar í þeim efnum. Til þess skal sveitarstjórnin meðal annars horfa til ákvæða í lögum um húsnæðismál sem lúta að því að byggja og reka leiguhúsnæði til afnota fyrir þá sem þess þarfnast sökum félagslegra aðstæðna og hafa tekjur eða eiga eignir innan tiltekinna marka.¹³

- 2) að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumuni á húsnæðismarkaðinum. Það er gert með greiðslu húsaleigubóta samkvæmt lögum þar að lútandi og er ætlað að stuðla að því að íbúar geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum.¹⁴

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar fer með félagsleg húsnæðismál í umboði bæjarstjórnar. Starfsmenn fjölskyldusviðs sjá um framkvæmd þjónustunnar. Verkefnin eru, eins og fram hefur komið, rekstur og úthlutun félagslegra leiguíbúða, mat á umsóknum um húsaleigubætur, almennar sem sérstakar, og umsjón með greiðslu bótanna.

8.2 Félagslegar leiguíbúðir

Félagslegar leiguíbúðir í eigu bæjarfélagsins voru 30 í lok árs 2014. Auk þess leigir Mosfellsbær íbúðir af einkaaðilum og framleigir til einstaklinga og fjölskyldna (sjá Töflu 29).

Tafla 29: Félagslegar leiguíbúðir, skipt eftir eignarhaldi og fjöldaíbúða

| Tegund íbúða | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Félagslegar leiguíbúðir í eigu Mosfellsbæjar | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 |
| Íbúðir í eigu einkaaðila | 0 | 0 | 2 | 2 | 2 |
| Íbúðir í eigu Brynju - hússjóðs ÖBÍ | 0 | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Íbúðir í eigu Þroskahjálpar | 0 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Íbúðir í eigu Eirar í Eirhömrum | 6 | 6 | 6 | 4 | 2 |
| Alls leiguíbúðir til ráðstöfunar | 36 | 44 | 46 | 44 | 42 |

¹¹ Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, 45. gr.

¹² Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, 46. gr.

¹³ Lög nr. 44/1988 um húsnæðismál.

¹⁴ Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Bókfært virði félagslegra íbúða í eigu Mosfellsbæjar (eignir + skuldir) var kr. 163.692 þús. og fasteignamat 674.850 þús. í árslok 2014 samkvæmt ársreikningi bæjarins.

Við úthlutun félagslegra leiguíbúða, öðrum en þeim sem leigðar eru af Þroskahjálpi, Brynju og Eir, hjúkrunarheimili, er tekið tillit til fjölskyldugerðar, heilsufars og vinnugetu, húsnæðisaðstæðna og tekna. Um úthlutun þeirra gilda reglur bæjarfélagsins um úthlutun leiguíbúða og við mat á umsóknum er tekið tillit til tekna, eigna og félagslegra aðstæðna.

Þessum íbúðum er fyrst og fremst ætlað að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn. Fjárhæð leigu tekur mið af fjölda herbergja, en ekki stærð íbúðar að öðru leyti eða aldri hennar.

Ef til úthlutunar kemur er gerður húsaleigusamningur sem gildir að jafnaði til eins árs ef um er að ræða félagslega eignaríbúð Mosfellsbæjar eða íbúð í eigu einkaaðila sem bærinn framleigir umsækjanda sem uppfyllir skilyrði.

Að jafnaði barst nokkuð á annan tug umsókna um félagslegar leiguíbúðir á hverju ári. Sumir umsækjendur fylgdu málum ekki eftir þegar leitað var frekari gagna, en þeim sem skiluðu inn fullbúinni umsókn var raðað eftir ákveðnu stigakerfi í ljósi félagslegra og fjárhagslegra aðstæðna.

Á hverjum tíma var því fyrir hendi „virkur“ biðlisti sem nam nokkrum einstaklingum/fjölskyldum, þ.e. umsækjendum sem uppfylltu skilyrði um úthlutun og biðu í forgangsröð eftir að íbúð kæmi til úthlutunar. Oft breyttist listinn milli mánaða eða missera við það að umsækjendur fundu aðra lausn á húsnæðisvanda sínum eða endurnýjuðu af einhverjum öðrum ástæðum ekki umsóknir sínar, en það ber að gera í mars ár hvert. Að jafnaði voru 5-10 aðilar á „virkum“ biðlista hverju sinni.

Tafla 30 sýnir fjölda íbúða, úthlutana og flutninga milli íbúða á árabílinu 2010-2014. Af sjálfu leiðir að einungis var unnt að koma til móts við umsóknir í sama mæli og íbúðir losnuðu þar eð þeim fjölgaði ekki svo teljandi sé á þeim árum sem hér um ræðir.

Tafla 30: Félagalegar leiguíbúðir árin 2010-2014 og fjöldi úthlutana

| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---------------------|------|------|------|------|------|
| Fjöldi íbúða | 36 | 44 | 46 | 44 | 42 |
| Úthutun íbúða á ári | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 |
| Flutt milli íbúða | 0 | 2 | 1 | 0 | 4 |

8.3 Húsaleigubætur

Húsaleigubótum er ætlað að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumuni á húsnæðismarkaði. Með því er stuðlað að því að íbúar geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum.

Húsaleigubætur eru tvenns konar:

- Almennar húsaleigubætur sem greiddar eru leigjendum samkvæmt ákveðnum reglum og eru háðar fjölda barna og fjárhæð húsaleigu, sem og viðmiðum um tekjur sem skilgreind eru í reglugerð sem ráðherra setur,

- b. Sérstakar húsaleigubætur, til viðbótar þeim almennu, sem ætlaðar eru leigjendum í almennu leiguhúsnæði sem búa við við mjög erfiðar félagslegar og fjárhagslegar aðstæður. Greiðsla þessara bóta er ekki lögbundin skylda, heldur háð ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert.

Húsaleigubætur hafa verið við lýði síðan lög um þær voru fyrst sett 1997.¹⁵ Bæturnar lúta ákveðnum reglum sem miðast við upphæð húsaleigu og fjölda barna, sem og viðmiði um tekjur.

Samkvæmt áðurnefndum lögum um húsaleigubætur geta sveitarfélög ákveðið að greiða hærri bætur en tilgreindar grunnfjárhæðir. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar tók ákvörðun um það í janúar 2008 að leigjendur skyldu eiga þess kost að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Lögum samkvæmt greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta að tilteknu marki eins og síðar verður vikið að.

Sérstakar húsaleigubætur hafa verið greiddar í Mosfellsbæ síðan bæjarstjórn samþykkti fyrst um þær reglur í janúar 2008. Í þeim reglum segir að sérstakar húsaleigubætur séu „ætlaðar þeim fjölskyldum og einstaklingum sem eiga í erfiðleikum með að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra erfiðleika“. Enn fremur að bæturnar séu „fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu vegna samþykkttra íbúða á almennum markaði til viðbótar við almennar húsaleigubætur“. Reglur um sérstakar húsaleigubætur kveða líkt og almennar húsaleigubætur á um tiltekin tekju- og eignamörk.

Tafla 31: Leigjendur sem nutu húsaleigubóta árin 2010-2014

| Húsaleigubætur - fjöldi | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|
| Almennar húsaleigubætur | 265 | 273 | 263 | 282 | 301 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 3,0% | -3,7% | 7,2% | 6,7% |
| Greiðsluhlutf. Jöfnunarsj. sveitarfél. | 51,5% | 51,5% | 54,0% | 64,0% | 66,0% |
| Sérstakar húsaleigubætur | 37 | 53 | 46 | 45 | 53 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 43,2% | -13,2% | -2,2% | 17,8% |
| Greiðsluhlutf. Jöfnunarsj. sveitarfél. | 60,0% | 60,0% | 60,0% | 60,0% | 60,0% |
| Fjöldi bótaþega alls | 302 | 326 | 309 | 327 | 354 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 7,9% | -5,2% | 5,8% | 8,3% |

Tafla 31 sýnir fjölda leigjenda sem nutu húsaleigubóta á árunum 2010-2014, bæði almennra bóta og sérstakra bóta, og hlutfallslegar breytingar milli ára. Sem vænta má fjölgaði nokkuð í þeim hópi á síðari hluta tímabilsins þegar þrengja tók að hag fólks og leigjendum fjölgaði hlutfallslega samhliða versnandi efnahagsástandi í þjóðfélaginu. Þá má sjá að sérstakar húsaleigubætur nýttust fljótt því fólki sem bjó við þann vanda sem leitast var við að koma til móts við.

Í Töflu 32 getur að líta þær fjárhæðir sem runnu til húsaleigubóta á tímabilinu og hlutfallslegar breytingar milli ára. Fjárhæðir eru sem fyrr settar fram í þúsundum króna á verðlagi ársins 2014.

¹⁵ Lög um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Tafla 32: Útgjöld til húsaleigubóta áirn 2010-2014

| Húsaleigubætur - útgjöld | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|--|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Almennar húsaleigubætur | 64.552 | 59.635 | 59.180 | 67.644 | 69.434 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | -7,6% | -0,8% | 14,3% | 2,6% |
| Greiðsluhlutf. Jöfnunarsj. sveitarfél. | 51,5% | 51,5% | 54,0% | 64,0% | 66,0% |
| Sérstakar húsaleigubætur | 4.732 | 6.628 | 6.351 | 6.548 | 8.708 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | 40,1% | -4,2% | 3,1% | 33,0% |
| Greiðsluhlutf. Jöfnunarsj. sveitarfél. | 60,0% | 60,0% | 60,0% | 60,0% | 60,0% |
| Húsaleigubætur alls | 69.283 | 66.263 | 65.530 | 74.192 | 78.142 |
| Hlutfallsleg breyting milli ára | | -4,4% | -1,1% | 13,2% | 5,3% |

Fyrst eftir að húsaleigubótum var komið á 1998 nam greiðsluhlutfall ríkisins, þ.e. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 60% á móti 40% hlut sveitarfélaganna. Hlutur ríkisins hækkaði hins vegar ekki í krónum talið næstu árin til jafns við verðbólgu og hækkingu húsaleigu þannig að um hrið höfðu greiðsluhlutföllin snúist við. Árið 2012 hækkaði hlutur ríkisins vegna almennu bótanna hins vegar í 54%, var 64% árið 2013 og 66% árið 2014.

Ríkissjóður og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu með sér samkomulag í apríl 2008 þess efnis að ríkissjóður greiddi 60% af heildarkostnaði vegna hækkunar húsaleigubóta eða sérstakra húsaleigubóta og hefur sá hlutur ríkisins í þeim bótum verið óbreyttur frá þeim tíma.

9. JAFNRÉTTISMÁL

9.1 Inngangur

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 29. desember 2003 breytingu á bæjarmálasamþykkt sem fól í sér að fjölskyldunefnd voru falin jafnréttismál samkvæmt lögum nr. 96/2000, síðar nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög).

Haustið 2008 var framkvæmd jafnréttismála færð til mannauðsstjóra sem starfar á stjórn-sýslusviði, en málaflokkurinn var eftir sem áður hluti af verkefnum fjölskyldusviðs. Jafnréttisfulltrúi er bæjaryfirvöldum og starfsfólki bæjarins til ráðgjafar í jafnréttismálum. Hann vinnur í samstarfi við framkvæmdastjóra, forstöðumenn stofnana, nefndir bæjarins og aðra sem að jafnréttismálum koma.

Mosfellsbær er aðili að Evrópusáttmálanum um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og varð fyrst íslenskra sveitarfélaga til að undirrita sáttmálann. Það var gert á fundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga í Mosfellsbæ 18. september 2008.

Um er að ræða sáttmála fyrir sveitar- og héraðsstjórnir í Evrópu um skuldbindingar þeirra til að beita völdum sínum og samstarfstengslum til að ná fram auknu jafnrétti fyrir íbúana. Með undirritun sáttmálans skuldbatt Mosfellsbær sig því til þess að beita þessum ráðum til að ná fram auknu jafnrétti fyrir íbúa sína.

Í sáttmálanum kemur meðal annars fram að sökum þess að sveitarstjórnir eru það stjórn-sýslustig sem „stendur næst fólki“ eru þær „best til þess fallnar að berjast gegn viðvarandi og endurteknu misrétti og stuðla að samfélagi sem sannanlega byggist á jafnræði“.

Fulltrúar Mosfellsbæjar (fulltrúar fjölskyldunefndar, jafnréttisfulltrúi og framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs) hafa verið virkir þátttakendur í samstarfi jafnréttisnefnda sveitarfélaga og sótt árlega fundi þeirra sem haldnir eru í samstarfi við Jafnréttisstofu.

9.2 Jafnréttisáætlun

Jafnréttislög kveða á um að sveitarstjórnir skuli setja fram jafnréttisáætlun til fjögurra ára eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar. Það er eitt af verkefnum fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar að hafa umsjón með mótun og framkvæmd slíkrar áætlunar. Það verkefni er unnið í samvinnu við jafnréttisfulltrúa.

Fyrsta áætlun Mosfellsbæjar fyrir tímabilið 2007-2010 var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 2007. Önnur áætlunin, nefnd jafnréttisstefna, var samþykkt í september 2011 fyrir tímabilið 2011-2014 og sú þriðja, fyrir tímabilið 2014-2018¹⁶, var samþykkt í bæjarstjórn í október 2014.

Inntak jafnréttisáætlunar er þrjúþætt: 1) samfélag og þjónusta, 2) menntun og uppeldi og 3) vinnustaðurinn.

¹⁶ http://www.mosfellsbaer.is/library/Skrar/.pdf-skjol/STEFNUR_Listahlutur_a_sidum/Stefnur_Stjornsysla_skattar_og_gjold/Jafnrettisaaetlun_2014_2018.pdf

Í samræmi við ákvæði laganna hefur fjölskyldunefnd sett sér framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins og framfylgja fyrrgreindri áætlun.

9.3 Jafnréttisdagur

Eins og áður greinir er árlega haldinn jafnréttisdagur í Mosfellsbæ. Árin 2010-2014 hafa dagarnir verið helgaðir eftirfarandi málum:

- Árið 2010 var dagurinn haldinn í Hlégarði í samvinnu við félagsmiðstöðina Ból og Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Yfirskriftin var *Ungt fólk og jafnrétti*. Unglingar frá Bólinu og nemendur FMos voru meðal frummælenda.
- Árið 2011 var yfirskrift dagsins *Jafnrétti til þátttöku*. Salóme Þorkelsdóttir fyrrverandi forseti Alþingis og bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ minntist þess að 105 ár voru liðin frá fæðingu Helgu Magnúsdóttur á Blikastöðum. Viðar Halldórsson íþóttafélagsfræðingur hélt erindi um jafnrétti í íþróttum og fulltrúar UMFA sögðu frá jafnréttisstarfi innan félagsins. Fundurinn var haldinn í Hlégarði 19. september.
- Árið 2012 var yfirskrift dagsins *Er jafnrétti meðal eldra fólks*. Dagskráin var helguð Evrópuári um virkni aldraðra og samstöðu kynslóða. Fundurinn var haldinn 1. október í Krikaskóla. Dagskráin var í höndum barna og starfsfólks skólans, formanns Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos), sem þá var Ragnheiður Stephensen, og jafnréttisfulltrúa sem kynnti niðurstöður vihorfskönnunar meðal eldra fólks í Mosfellsbæ.
- Jafnréttisdagur 2013 var haldinn í Varmárskóla 19. september. Hanna Björg Vilhjámsdóttir kennari í Borgarholtsskóla flutti erindi um unglunga og jafnrétti í anda yfirskriftar dagsins, *Unglingar og fræðsla um jafnrétti*.
- *Jafnréttisáætlun* var yfirskrift jafnréttisdagsins sem haldinn var í Listasal Mosfellsbæjar 18. september 2014. Fyrirkomulag fundarins var í formi vinnustofu þar sem kynnt voru lögbundin verkefni sveitarfélaga í jafnréttismálum. Jafnréttisstefna Mosfellsbæjar 2010-2014 var kynnt og þátttakendur tóku þátt í hópavinnu um framkvæmd jafnréttisáætlunar í stofnunum bæjarins undir merkjum jafnréttisáætlunar 2014-2018. Formaður og varaformaður fjölskyldunefndar fluttu erindi og jafnréttisfulltrúi stýrði hópavinnu.

9.4 Jafnréttisviðurkenningar

Hluti jafnréttisáætlunar bæjarfélagsins er að veita „viðurkenningu þeim einstaklingi, stofnun, fyrirtæki eða félagasamtökum sem hafa staðið sig best í að framfylgja jafnréttislögum og/eða Evrópusáttmálanum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.“ Viðurkenningin er veitt á jafnréttisdegi Mosfellsbæjar. Tilgangurinn með veitingunni er meðal annars að vekja athygli á verkefnum í þágu jafnréttis og hvetja þannig aðra til frekari dáða.

Eftirtaldir hlutu viðurkenningu bæjarfélagsins árin 2010-2014:

- 2010: *Ásgarður handverkstæði* í Mosfellsbæ, viðurkenning fyrir að vinna ötullega að jafnréttismálum þannig að allir geti tekið þátt í starfseminni á jafnræðisgrundvelli, óháð kyni, fötlun eða öðru.

- 2011: *Ungmennafélagið Afturelding*, viðurkenning fyrir að móta og innleiða jafnréttisáætlun fyrir félagið og fylgjast þannig markvisst með stöðu jafnréttismála hjá félaginu, bæði hvað varðar starfsfólk og iðkendur.
- 2012: *Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni*, viðurkenning fyrir að leitast við að hafa sem jöfnust hlutföll karla og kvenna í stjórn og nefndum félagsins og leggja þannig sitt af mörkum til að starf á vegum félagsins höfði til beggja kynja.
- 2013: *Hildur Pétursdóttir og Ásdís Valsdóttir, kennarar við Lágafellsskóla*, viðurkenning fyrir frumkvöðlastarf í kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi. Þær buðu upp á valáfanga í kynjafræði á unglíngastigi Lágafellsskóla þar sem fjallað var um jafnréttis- og kynjamál frá fjölbreyttum sjónarhornum. Nemendur skoðuðu jafnrétti og mismun á milli kynja á hinum ýmsu stöðum í hinum ýmsu samfélögum. Rýnt var í stöðu minnihlutahópa, fjallað um staðalímyndir og hvernig kynhlutverk birtast fólki í daglegu lífi, svo sem innan fjölskyldunnar, á vinnumarkaði, í menntakerfinu, stjórnámálum, íþróttum, félagslífi og fjölmiðlum.
- 2014: *Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ*, viðurkenning fyrir að vinna ötullega að jafnréttismálum, bæði meðal nemenda og starfsfólks. Vorið 2013 hófst kennsla í kynjafræði við skólann og var áfanginn kenndur í annað sinn árið 2014 við mjög góðar undirtektir. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er einnig með virka jafnréttisáætlun og eru kennarar hvattir til að fylgjast með því sem er efst á baugi í jafnréttismálum og miðla því til nemenda sinna.

9.5 Þróunarverkefni

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Varmárskóli og Leikskólinn Reykjakot voru þátttakendur í þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* sem fimm leikskólar og fimm grunnskólar tóku þátt í skólaárið 2008-2009. Verkefnið var samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar. Menntamálaráðuneytið, Jafnréttisráð og fjöldi annarra aðila studdu við verkefnið. Markmið þess var að efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í leik- og grunnskólum landsins. Í janúar 2010 var birt lokaskýrsla um verkefnið og niðurstöður þess. Í Varmárskóla var unnið með unglíngastigið. Ekki var gert formlegt mat á framkvæmd verkefnisins og því erfitt að segja til um árangur. Jafnréttisfræðsla var ekki hluti skipulagðrar kennslu og því var það mat þeirra sem að verkefninu komu að hægt væri að gera betur þannig að starfsmenn yrðu meðvitaðri um jafnréttisfræðslu á öllum stigum skólans.

Foreldrasamstarf var verkefni leikskólans Reykjakots. Að mati þátttakenda jók verkefnið á skilning kennara um mikilvægi jafns réttar foreldra til upplýsinga um barn sitt. Fram kom jafnframt „að feður vilja vita meira, en telja sig ekki fá nægar upplýsingar frá leikskólanum, og að mæður væru of duglegar að taka ábyrgðina á sig varðandi börnin og gleyma að gæta jafnræðis í uppeldi barnanna“. Feður þurfa að stíga fram og gera sér grein fyrir mikilvægi þeirra í lífi barnanna. Ákvæði um jafnrétti foreldra til upplýsinga varð í kjölfar verkefnisins hluti af skólustefnu Mosfellsbæjar.

Kynjasamþætting

Sértækar aðgerðir samkvæmt ákvæðum laga nr. 140/2008 eru tímabundnar aðgerðir sem ætlað er að bæta stöðu eða auka möguleika kvenna og karla í því skyni að koma á jafnri stöðu

kynjanna á ákveðnu sviði þar sem á annað kynið hallar. Slíkum aðferðum hefur verið beitt í starfsemi félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ.

Upphaf þess var árið 2001 þegar viðamikil könnun var gerð meðal íbúa 67 ára og eldri og í kjölfarið mótuð jafnréttisáætlun fyrir félagsstarf eldri borgara í bæjarfélaginu. Áætlunin fól í sér, auk skráningar á þátttöku í starfið, reglubundnar viðhorfskannanir og átak í kynningu á starfseminni. Markmiðið með áætluninni var að auka þátttöku karla í félagsstarfinu, taka mið af mismunandi þörfum kynjanna þegar félagsstarf er annars vegar, ásamt því að stuðla að virkari aðkomu eldri borgara að starfseminni með myndun samtaka þeirra í bæjarfélaginu.

Verkefninu var fylgt eftir með könnun árið 2012 sem náði til þriðjungs eldri borgara (200 manns). Svarhlutfall var 48% sem var umtalsvert lægra en í könnuninni 2001 þegar það var 62%. Líkt og í fyrri könnuninni kom í ljós að mun fleiri konur en karlar sóttu félagsstarfið. Um helmingur aðspurðra tók sjaldan eða aldrei þátt í starfinu, mun fleiri karlar en konur. Ástæður þess voru þátttaka í öðrum félagsskap, atvinna eða að starfið höfðaði ekki til þeirra. Bæði konur og karlar (91%) töldu að kynin ættu jafnan möguleika á að sækja félagsstarfið.

Aðspurð um hvað Mosfellsbær gæti gert betur í sambandi við félagsstarfið svöruðu 78% að bæta mætti aðstöðu fyrir eldri borgara, lífga upp á spilakvöldin og auka samstarf félagsstarfins á vegum bæjarfélagsins og Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni (FaMos).

FaMos, sem var stofnað í október 2002 og var í byrjun til húsa í Hlégarði, flutti í húsnæði félagsstarfsins í Eirhömrum samhliða stækkun og endurbótum á aðstöðu félagsstarfs á vegum bæjarins.

Útgefandi: Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar.

Ábyrgðarmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir

Netútgáfa á heimasíðu: www.mos.is

Ljósmynd á forsíðu: Sigurður Jökull Ólafsson